

Félagsráðgjafardeild

BA-ritgerð

Ungt fólk í skuldum

Viðskiptavinir Ráðgjafarstofu um fjármál

heimilanna 2005-2006



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þórey Kristín Þórisdóttir

Bylgja Ólafsdóttir

Febrúar 2009

Umsjónarkennari: Steinunn Hrafnisdóttir

Nemendur: Þórey Kristín Þórisdóttir og Bylgja Ólafsdóttir

Kennitala: 141280-3849 og 120880-4629

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Útdráttur	2
Inngangur	3
I. hluti	6
1. Neysluhyggja.....	6
1.1 Hugtakið neysluhyggja og skilgreining.....	6
1.2 Hvenær er talið að neysluhyggja á Íslandi hafi orðið til ?.....	7
1.3 Neysluhyggja á 20. öld.....	8
1.4. Ungt fólk og neysluhyggja	9
II. hluti.....	13
2.1 Norræn rannsókn á ungu fólki í greiðsluferfiðleikum	13
2.2 Fjármálalæsi	17
2.3 Kreditkort	18
III. hluti.....	24
3. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.....	24
3.1 Fjárhagsaðstoð.....	24
3.2 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	31
3.3 Viðtal við Kjartan G. Ingvason fjármálaráðgjafa	32
3.4. Fjármálanámskeið Hins hússins	34
3.5. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna	35
3.5.1 Fræðsla og forvarnir	38
3.6 Fyrri rannsóknir um mat og árangur Ráðgjafarstofunnar	38
IV. hluti	40
4. Aðferð, framkvæmd og niðurstöður	40
Umræða og lokaorð	54
Heimildaskrá	57

Útdráttur

Rannsókn á skuldaerfiðleikum ungs fólks á aldrinum 21-30 ára sem leitaði til Ráðgjafarstofunnar um fjármál árin 2005 og 2006 var unnin í samráði við Ráðgjafarstofuna. Alls voru þetta 329 einstaklingar samanlagt bæði árin. Rannsóknargögn voru í formi útfylltra umsókna viðskiptavina Ráðgjafarstofunnar. Meirihluti viðskiptavina bjó í eigin húsnæði eða leigði húsnæði. Samhliða hækkun á fasteignum rauk verð á leigumarkaði upp en húsaleigubætur stóðu samt sem áður í stað. Húsaleigubætur hækkuðu ekki í 8 ár; frá árinu 2000 til 2008 en bæturnar eru mjög mikil búbót fyrir efnalítið fólk. Einstæðar mæður og einhleypir karlmenn voru meðal þeirra samfélagshópa sem leituðu einna mest eftir fjárhagslegri ráðgjöf en auk þess voru þessir tveir hópar stór hluti þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg sem og öðrum sveitarfélögum á sama tíma. Það sem þessir tilteknu hópar áttu sameiginlegt var að þeir sáu einir um rekstur heimilis.

Vankunnátta og offjárfesting virtist oft vera aðalástæða þess að ungt fólk lenti í greiðsluerfiðleikum. Það gæti rennt stoðum undir mikilvægi þess að efla fjármálafræðslu hér á landi og jafnvel innleiða í skóla sem skyldunámsgrein. Vekja þarf almenning til vitundar um kosti slíkrar fræðslu þar sem að fjárhagsáhyggjur koma fram í skertum lífsgæðum einstaklinga. Veikindi voru einnig algeng ástæða greiðsluörðugleika og geta slíkar áhyggjur af fjármálum leitt til langvarandi streitu sem kemur þá niður á andlegri jafnt sem líkamlegri heilsu fólks. Af rannsókninni var þó ekki hægt að álykta hvort væri orsök eða afleiðing þ.e. hvort veikindi væru til komin vegna þess að fólk hafði áhyggjur af fjármálum eða öfugt.

Inngangur

Það að ungt fólk skuldi meira en það á virtist vera þó nokkuð algengt. Þegar ungt fólk heldur af stað út í lífið þá er það með ákveðinn fjárhagsbagga, jafnvel að mennta sig, koma þaki yfir höfuðið og eignast börn. Einstaklingurinn vex gjarnan upp úr skuldum ef svo má segja, smátt og smátt verða eignirnar meiri og skuldirnar minnka, afborganir af íbúðarlánnum sem tekin voru til 25 eða 40 ára, greiðast upp með tímanum og greiðslubyrði fasteignarinnar verður þá ekki lengur kvöð. Fjárhagsstaðan verður yfirleitt betri eftir því sem árin líða. Þetta er hluti af því að fólk eignast hluti smám saman, t.d. geta einstaklingar verið nokkra áratugi að eignast húsnæði samhliða því að hækka í launum með auknum starfsaldri og reynslu. Sú staða getur komið upp hjá ungu fólki að það missi yfirsýn á fjárhagnum og skuldir þá í kjölfarið hrannast upp. Þegar einstaklingar ráða ekki við afborganir geta vanskilin verið fljót að vinda upp á sig, fjárhagsvandræði á ungum aldri geta þá haft mjög alvarlegar afleiðingar og erfitt getur reynst að vinna sig úr þeim.

Síðastliðin ár hefur ungt fólk á aldrinum 21-30 ára í auknum mæli leitað sér aðstoðar hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna vegna greiðsluerfiðleika. Það er uggandi að tiltekinn hópur var orðinn jafn stór hópi einstaklinga á aldrinum 31-40 ára sem höfðu þá verið stærsti hópur viðskiptavina Ráðgjafarstofunnar með hæstu greiðslubyrðina (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2007). Í þessu sambandi má benda á að gjaldþrot ungs fólks hafa aukist mikið á síðustu áratugum sem og kreditkortanotkun. Kunnátta ungs fólks í fjármálum virðist vera minni en áður og rannsóknir hafa sýnt að fjármálafræðslu á heimilum og í skólum getur verið ábótavant (Lachance, Beaudoin og Robitaille, 2006). Þörf er á að efla fræðslu og mikilvægt er að byrja fyrr en ella þar sem börn og unglingar hafa verið virkir þátttakendur í neysluheimi fullorðinn. Kanadísk ungmenni hafa verið iðin við kreditkortanotkun en um helmingur þeirra gerðu sér ekki grein fyrir því hversu háir vextirnir voru á kreditreikningnum. Þau ungmenni sem fengu fræðslu heima fyrir eða höfðu þekkingu í gegnum persónulega reynslu af fjármálum komu verr út í fjármálalæsi en þeir sem fengu fjármálamenntun á námskeiðum, í skóla eða hjá fjármálaráðgjöfum (Lachance, Beaudoin og Robitaille, 2006).

Norræna ráðherranefndin stóð fyrir eigindlegri rannsókn á ungmönnum árið 2004 sem höfðu lent í greiðsluerfiðleikum vegna neyslulána. Þar kom fram að flest ungmennin höfðu ekki þurft nauðsynlega á neyslulánnum að halda heldur tóku lánin í því skyni að tryggja aukin lífþægindi og vegna þess hversu auðvelt aðgengi var að tilteknum lánnum (Lehtinen og Leskinen, 2004).

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna hefur í samvinnu við menntastofnanir hér á landi sett á fót fjármálafræðslu og beitt sér fyrir forvarnaraðgerðum til að reyna sporna við þessari þróun hjá ungu fólki í fjárhagsvandræðum (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2007).

Höfundar ákvaðu að taka fyrir og rannsaka hóp ungs fólks á aldrinum 21-30 ára sem átti í greiðsluerfiðleikum og leitaði ráðgjafar hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna árin 2005 og 2006. Neysluhyggjan og áhrif hennar á fólk og kreditkortanotkun ungs fólks sem og fyrri rannsóknir sem hafa verið gerðar á skuldum ungs fólks var einnig skoðað.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna ástæður fyrir skuldum ungs fólks og voru notuð gögn frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna til að bera saman árin 2005 og 2006 og kanna hvort munur hafi verið á árunum og þá hver. Rannsóknin var unnin út frá fyrirliggjandi gögnum í formi umsókna sem viðskiptavinir höfðu fyllt út.

Verkefni þetta var unnið í tengslum við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og gögnin sem unnið var með voru fengin frá Ráðgjafarstofunni. Hver og ein umsókn, frá viðskiptavinum á aldrinum 21-30 ára, var skoðuð og notuð til tölfræðilegrar greiningar. Umsóknirnar voru á stöðluðu formi sem allir viðskiptavinir Ráðgjafarstofu höfðu fyllt út við komu í viðtal. Höfundar höfðu aðstöðu við gerð ritgerðarinnar í húsakynnum Ráðgjafarstofunnar sem var hentugt við gagnaöflun og úrvinnslu gagnanna. Höfundar vilja koma á framfæri þökkum til ráðgjafa Ráðgjafastofunnar fyrir ánægjulegt samstarf og þá sérstaklega til Ástu S. Helgadóttur forstöðumanni fyrir að vera til staðar og veita góð ráð og leiðbeiningar.

Í upphafi verkefnisins var sögulegt samhengi neysluhyggju skoðað í víðum skilningi og fjallað um norræna eigindlega rannsókn sem var gerð á ungmennum í greiðsluerfiðleikum. Í framhaldi af því var vikið að fjármálalæsi og notkun kreditkorta hjá ungu fólki. Skoðuð var rannsókn á einstaklingum er voru duglegir að spara og hinsvegar þeim sem áttu engan sparnað. Þar kom fram að þeir sem áttu sparnað höfðu yfirleitt hærri tekjur og meiri menntun en hinir sem drógu ekkert við sig. Því næst var fjallað um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og skoðaður fjöldi þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð á þessum tveimur árum sem úrtakið náði til. Seinni hluti ritgerðarinnar fjallar um Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, starfsemi hennar og rekstur, svo og fyrri rannsóknir um mat og árangur hennar. Að lokum var vikið að rannsókninni sem höfundar gerðu út frá fyrirliggjandi gögnum frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á viðskiptavinum á aldrinum 21-30 ára á árunum 2005 og 2006. Viðmælendur þeirrar rannsóknar voru Elna Sigrún Sigurðardóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafarstofunni, Kjartan G. Ingvason fjármálaráðgjafi hjá Miðgarði, þjónustumiðstöð

Grafarvogs og Kjalarness og að lokum Jón Heiðar Gunnarsson verkefnastjóri Hins Hússins.
Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir gott innlegg enda vel kunnug þessum málaflokki.

I. hluti

„Gættu vel að smáu útgjöldunum – lítill leki er fljótur að sökkva stóru skipi.“

Benjamín Franklín

1. Neysluhyggja

1.1 Hugtakið neysluhyggja og skilgreining

Hugtakið „neysluhyggja“ er sú hugsun að afla sér efnislegra gæða. Líf einstaklinga virðist snúa í stórum stíl um að kaupa, selja og eignast hluti. Þetta getur orðið stór hluti af lífi þeirra, jafnvel sjálfsmyndin og sýnin á lífið á það til að mótast all verulega af veraldlegum gæðum (Guðmundur Jónsson, 2007). Chan og Prendergast (2007) skilgreina „efnishyggju“ þar sem afstaða til eigna og auðs er merki um velgengni og það að hafa yfirráð yfir eignum er mikilvægur hluti af lífinu þar sem trúin virðist byggja á því að eignir leiði til meiri hamingju.

Stearns (2001) telur að „fullsköpuð neysluhyggja“ hafi byrjað um og eftir 1700. Þá beindist hún að fatnaði, húsbúnaði og nýjungum í matargerð. Fólk hafði meira fé á milli handanna sem ósjálfrátt ýtti undir meiri neyslu af einhverjum toga. Í Englandi mátti sjá fleiri hús með gluggum, rúmin urðu vandaðri og húsgögnin finni. Þetta voru vísbendingar um bæði bættan efnahag og upphaf neysluhyggju.

Neysla sykurs var talinn vera sterk vísbending um það hvenær neysluhyggjan hófst. Sykur fór fljótt að verða tíðari neysluvara samhliða öðrum munaðarvörum (Guðmundur Jónsson, 2007). Sagnfræðingar álíta að hann hafi verið fyrsta neysluvaran sem slík, ræktaður og innfluttur í þeim tilgangi að selja, kaupa og neyta í stórum stíl. Saltið má einnig tengja saman við aukna neyslu. Fyrr á árum var saltið notað til þess að varðveita kjöt; þegar eftirspurn eftir því jókst var talið að menn hefðu meira fé og gætu þess vegna keypt kjötafurðir frekar en grænmeti. Fast á eftir fylgdi svo kaffi og te, í kjölfarið var byrjað að framleiða alls konar varning sem tengdist framangreindum vörum. Bómullarfatnaður sem var framleiddur í Indlandi varð þá fljótlega vinsæl útflutningsvara til Evrópu þangað til Evrópubúar fóru að framleiða slíkan fatnað sjálfir (Stearns, 2001).

Á 17. öld urðu auglýsingaaðferðir meira áberandi. Meira var lagt upp úr framsetningu á söluvarningi og nýjum aðferðum til að reyna fanga augu og athygli fólks. Einnig urðu auglýsingar í blöðum tíðari og nýjar markaðsaðferðir litu dagsins ljós. Það var ef til vill ekki

að furða að neytendur fyndu fyrir nýjum þörfum. Seljendur gengu úr skugga um það með bæði nýjum auglýsingarherferðum og tíðari auglýsingum (Stearns, 2001).

Stearns taldi rót neysluhyggjunnar koma frá Bretlandi og þaðan hafi hún breiðst út til annarra landa og síðar annarra heimshluta. Meðal ástæðna sem hann taldi upp voru bætt lífskjör, vöruval var orðið fjölbreyttara, markaðssetning orðin meiri og bylgjuáhrif bárust frá æðri stéttum til lægri. Þó var ekki hægt að skýra aukna neyslu einungis með bættum lífskjörum án þess að taka mið af breytingum í menningu og félagslífi fólks sem örvaði neysluna. Í þessu sambandi lagði hann ríka áherslu á þá þætti sem tengjast menningunni. Að hans mati var neysluhyggjan komin á annað stig á seinni hluta 19. aldar. Auk þess sem varningur varð fjölbreyttari litu einnig fyrstu varanlegu neysluvörurnar dagsins ljós og það voru bílar (Guðmundur Jónsson, 2006).

1.2 Hvenær er talið að neysluhyggja á Íslandi hafi orðið til ?

Rannsóknir virtust skorta á þessu sviði hér á landi en þó eru nokkrar tilgátur og hugmyndir um tilurð neysluhyggjunnar. Markaðsbúskapurinn varð til þess að neytandinn varð til sem liður í hagkerfinu, þá hófst framleiðsla fyrir markað sem er forsenda neyslubjóðfélagsins. Það var ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem markaðsbúskapur varð ríkjandi framleiðsluháttur hér á landi. Fyrir þann tíma var skortur á neysluvali og flestir Íslendingar lifðu á sjálfsþurftarbúskap.

Skýr merki um nýja neysluhætti mátti sjá með aukinni kornneyslu á 19. öld sem kom smátt og smátt í staðinn fyrir heimaferga fæðu. Talið var að þessar breytingar á fæðu megi rekja til þeirra tíma þegar Napóleónsstyrjöldin var yfirstaðin og þessar breytingar urðu enn meira áberandi þegar leið á 19. öldina. Strax árið 1910 var helmingur af orkunni í fæðu Íslendinga komin úr innfluttum kornmat.

Nútímaneysluvörur líkt og kaffi, te, tóbak og sykur fóru að verða mjög mikilvægar í neyslu landsmanna þá sérstaklega sykurinn. Neysla hans hér á landi var orðin sú mesta í heimi á millistríðsárunum. Nýja neysluhætti mátti ekki einungis rekja til hagkvæmis heldur var hin vaxandi borgarastétt farin að taka sér tiskuna í Kaupmannahöfn til fyrirmyndar og ruddi þannig leiðina að nýjum neysluháttum hvað varðar klæðnað, mataræði og hóbýlahætti.

Upphafid að neytendahreyfingunni og neytendastjórn má rekja til heimsstyrjaldarinnar fyrri. Þá jókst áhugi manna einnig á sjálfstæðismálum og efnahagsleg vandamál komu upp á yfirborðið. Almennigur kallaði eftir svörum við því hvernig hægt væri að koma til móts við þá sem stóðu höllum fæti í samfélaginu í tengslum við dýrtíðina. Árið 1914 höfðu 1.240 konur í Reykjavík skrifað undir mótmælaskjal vegna hækkunar á brauði

sem þær sendu Stjórnarráðinu og kröfðust aðgerða. Verðbólga og skortur á vörum herjaði á landsmenn sem leiddi til mótmæla af þessu tagi.

Neytendamál urðu mjög áberandi á styrjaldarárunum þegar stjórnvöld fóru að stýra neyslu með ákvörðun verðlags; aukin stjórn og afskipti urðu á innflutningi og vöruskömmtun fylgdi í kjölfarið. Aukinn þrýstingur var settur á stjórnvöld í því skyni að aftra verðhækkunum sem voru til komnar vegna óðaverðbólgu. Verðbólgan kom niður á afkomu og neyslu einstaklinga sem vildu að kjaraskerðing þeirra yrði bætt. Mikill skortur var á matvörum s.s. kjöti og smjöri vegna verðhækkana og mikils útflutnings þar af leiðandi var spenna milli framleiðenda og neytenda, sveita og bæja. Þessir þættir voru stór hluti í myndun Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins. Með þessum hætti markaði fyrri heimsstyrjöldin upphafið að neytendapólitík á Íslandi. Allt frá þessum tímum hefur ríkisvaldið haft hönd í bagga um verðlag, innflutning og neyslu (Guðmundur Jónsson, 1997 og 2006).

1.3 Neysluhyggja á 20. öld

Nýjir neysluhættir komu fram með 20. Öldinni. Þess mátti sjá merki með aukinni hagsæld og nýjungagirni eftir seinni heimsstyrjöldina. Verkalýðsstéttin fékk á þessum tíma tækifæri til þess að taka þátt í neyslumenningunni þó svo að hún væri ekki sú sama og hjá miðstéttinni vegna launamunar. Kaup á mótórhjólum og bílum var til marks um betri efnahag manna og neysluvenjur. Sjónvarpstæki mátti nánast sjá á hverju heimili en það varð fljótlega vinsælasta rafmagnstækið í hinum vestræna heimi. Mikið var talað um verkalýðsstéttina og hollustu hennar í neyslusamfélaginu og hún kölluð smáborgaraleg.

Í Evrópu og Bandaríkjunum urðu mikilvægar breytingar sem ýttu undir neyslu almennings, sjónvarpsstöðvar veittu meira frelsi og auglýsingar jukust. Sala í gegnum bæklinga og tilkoma internetsins opnaði fyrir flóðgátt auglýsinga. Internetið varð fljótt einn af stærstu þáttum í neyslumenningunni. Fólk gat verið heima hjá sér að skoða vörur og ef til vill fest kaup á varningi allan sólarhringinn. Verslunarmiðstöðvar urðu glæný afþreying fyrir almenning sem eyddi tíma sínum í að skoða hluti en afþreying af slíkum toga þekktist ekki mikið áður fyrr.

Á árunum 1980-1990 fór vöruúrval sem beindist að karlmönnum að verða fjölbreyttara og auglýsingar beindust í auknum mæli að þeim; sem tengdust t.d. fatnaði, snyrtivörum, lýtaaðgerðum og hárlitun. Karlmenn fóru ósjálfrátt að beina áhuga sínum að framangreindum hlutum sem þeir höfðu ekki haft mikinn áhuga á áður.

Kvikmyndaiðnaðurinn varð fljótlega stór þáttur af neyslu manna. Upp úr 1970 voru amerískar bíómyndir auk sjónarvarpsþátta næststærsta útflutningsvara Bandaríkjamanna.

Amerískar myndir sýndu heiminum hvernig neysluvenjur Bandaríkjamanna gátu verið og gáfu þannig fólki hugmyndir að frekari neysluháttum. Tæknin þróaðist frekar ört á 20. öldinni og hafði þá þær afleiðingar að neysluhættir voru fljótir að breiðast út milli landa. Á seinni hluta 20. aldar var meira en fjórðungur af heimsbyggðinni fær um að horfa á sama sjónvarpsþáttinn á sama tíma eins og t.d. á heimsmeistarakeppnina í fótbolta svo dæmi sé tekið.

McDonalds-keðjan er gott dæmi um neyslu sem rekja má til Bandaríkjanna. Markaðshugmynd keðjunnar byggði m.a. á skyndibitamati og hlýlegu viðmóti af hálfu starfsmanna. Í kjölfarið fóru fleiri lönd að þeirra fordæmi t.d. Kanada og Puertó Ríkó. Frá og með árinu 1955 bættust að meðaltali við tvö ný lönd árlega sem opnuðu slíka skyndibitastaði. Árið 1990 varð enn meiri aukning vegna vinsælda McDonalds og árið 1998 var staðurinn starfandi í 109 löndum. Hugmyndin um skyndibita varð fljótt upp úr þessu mjög vinsæl og útbreidd. Um 1990 voru t.a.m. 26% allra veitingastaða í Frakkalandi skyndibitastaðir.

Bandaríkjamenn voru ekki þeir einu sem náðu útbreiddum neysluháttum. Vörur frá Japan sem tengdust óperum og teiknimyndasögum urðu vinsælar sem dæmi má nefna að Pókemon er eitt af þeim vörumerkjum sem rekja má þaðan og Finnar urðu m.a. frumkvöðlar í farsímagerð, svo einhver dæmi séu nefnd.

Máttur neysluhyggjunnar er mikill, þrátt fyrir pólitískar, menningalegar og félagslegar hindranir hefur neyslan þrífist. Ein ástæðan fyrir því að hún hefur þrífist þetta vel mætti rekja til þess að framleiðsla á nýjum og háteknilegum búnaði hefur verið frekar ör í þróun, endingartími hluta var orðin styttri með árunum til að halda framleiðendum við efnið. Neyslan hefur komið til móts við þarfir almennings og haft það hlutverk að svara eftirspurn. Nú á dögum hefur þó nokkur hluti fólks alist upp við miklar neysluvenjur og talið það eðlilegt og rökrétt að taka þátt í neyslusamfélaginu (Stearns, 2001).

1.4. Ungt fólk og neysluhyggja

Lífsgæðakapplaupið getur sett mark sitt á einstaklinga. Þeir vilja sýna velgengi og árangur á sem flestum sviðum en sú hugsjón getur haft mikil áhrif á lífsstíl fólks. Tiltækinn hópur fólks vill komast sem hæst í stigann og þarf þá í kjölfarið að vinna hörðum höndum til að verða betur stæðir í samanburði við aðra. Fólk í lífsgæðakapplaupinu finnst það eftirvill ekki geta slegið slöku við og finnst það þurfa vera á varðbergi um stöðu sína í metorðastiganum. Neysla verður í kjölfarið gædd félagslegri merkingu og þeir sem eru ofarlega í stiganum þurfa að finna nýjungar til að halda áfram að skara fram úr (Stefán Ólafsson, 1996).

Heimurinn hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Með aukinni hnattvæðingu verður heimurinn minni og eldri kynslóðir hafa það á tilfinningunni að ungmenni í dag lifa öðruvísi lífi en þær gerðu. Sögulegar breytingar líkt og framfarir og þróun á heimilistækjum hafa eftirvill minnkað þörfina fyrir vinnu barna og ungmenna innan veggja heimilisins að einhverju leiti (Benn, 2004).

Hugsanir, tilfinningar og hegðun neytenda hafa breyst mjög mikið síðustu tvo til þrjá áratugi. Það tengist gerð hagkerfisins, félagslegri menningu og tíðarandanum sem hefur skapað nýtt andrúmsloft á upplifun einstaklingsins sem neytenda (Dittmar, 2008).

Í dag er mun meiri afþreying í boði fyrir ungmenni en áður var. Ungt fólk virðist hafa meira frelsi til þess að skemmta sér en tíðkaðist áður og það er einnig vant meira sældarhyggjulífi að einhverju leyti. Tækifærin sem ungt fólk hefur í dag hafa einnig aukist með árunum. Ungt fólk getur orðið auðveld bráð neysluhyggjunnar vegna þess að það er eflaust móttækilegra fyrir nýjungum og styrkur neysluhyggjunnar er meiri en áður (Miles, 2000).

Bilið á milli þess að vera unglingur annars vegar og að vera fullorðinn hins vegar, með allri þeirri ábyrgð sem því fylgir, virðist hafa lengst (Miles, 2000). Fólk flytur seinna að heiman, giftir sig seinna og er lengur í námi í dag en áður (Wilska, 1999). Þær félagslegu breytingar sem við stöndum frammi fyrir er að neysluhyggjunnar er gert hærra undir höfði og er orðin stór hluti af lífi fólks (Miles, 2000).

Ungt fólk virðist afla meira og þá í kjölfar hafa meira fé milli handanna en foreldrar þeirra höfðu á sama aldri. Þetta gefur til kynna að því meiri og hraðari sem hagvöxtur verður í samfélaginu þá á neyslan sér stað fyrr í lífi einstaklingsins og öfugt. Því yngri sem neytandinn er, þeim mun meiri líkur eru á að hann muni eyða meiru en hann hefur í tekjur (Wilska, 1999).

Að meðaltali hefur fólk meira fjármagn milli handanna nú en nokkru sinni áður í Evrópu og Bandaríkjunum. Nú er einnig auðveldara en nokkru sinni áður fyrir fólk að eyða peningum sem það á ekki. Frá árinu 1970 til 1990 fjórfaldaðist kreditkortanotkun í Bretlandi. Meðalkreditkortaeign fjölskyldu var 1.5 árið 1998 í Bandaríkjunum og í Bretlandi árið 2002 var hún rétt undir 2.5 á heimili (Dittmar, 2008).

Munaðarvörur hafa spilað ansi stórt hlutverk í lífi barna og ungmenna, þar má nefna tækninýjungar eins og farsíma, tölvur, ýmsa spilara og önnur raftæki.

Neyslan getur orðið mikilvægur hluti í þróun sjálfsmyndar unglunga og ungmenna (Benn, 2004).

Efnislegir hlutir og munaðarvörur má sjá allt í kringum okkur í hversdagslífinu. Þær eru algeng umræðuefni í samtölum fólks og auk þess að birtast í fjölmiðlum. Margar

munaðarvörur eru hagkvæm tæki sem eiga gera lífið auðveldara, viðráðanlegra, og þægilegra. Bíll er t.a.m. farartæki sem gerir fólki kleift að komast milli staða. Í auglýsingum hefur bíll ekki aðeins það hlutverk að koma fólki frá stað einum stað til annars heldur innihalda þær aragrúa af táknrænum duldu skilaboðum. Einungis með því að líta á eina bílaauglýsingu þá eru gefin mörg vísitandi skilaboð til neytenda sem hafa oft og tíðum ekkert að gera með bílinn sjálfan, verð hans eða tæknileg gæði. Bíllinn verður ákveðinn hluti af mannum og þar af leiðandi er farartækið orðið ákveðið stöðutákn. Auglýsingar vilja telja neytendum trú um að allt sem bíllinn hefur upp á að bjóða sé alveg einstakt og hversdagsleiki heyrir sögunni til, þú stendur upp úr og skarar fram úr með því að eiga bílinn.

Mikilvægt virðist að eiga réttu hlutina, ekki vegna þeirra sjálfra heldur vegna félagssálfræðilegra fríðinda sem þeir veita eins og vinsælda, sjálfsímyndar og hamingju.

Það að versla hefur þróast út í tómstundaiðju sem hefur aukist gífurlega og er orðið að ákveðnum lífsstíl hjá mörgum hverjum. Verslunarmiðstöðvar sem slíkar eru orðnar að miðstöðvum félagslífs og félagsmótunar.

Alengt er að fólk trúir því að meiri auður og efnisleg gæði séu undirstaða góðs lífs. Það virðist standa í þeirri trú að betri líðan haldist í hendur við meiri efnað. Margur landinn lítur á sjálft sig með þeim augum og á eftirvill til að gleyma hvað býr innra með þeim og einblínir frekar á kaupmáttinn og eignir.

Í einhverjum tilfellum virðist velgengni fólks ekki lengur metin af andlegum eiginleikum og kostum eins og visku, góðvilja eða dugnaði í samfélaginu heldur hvort það gangi í réttu fötunum, eigi rétta bílinn og almennt séð réttu hlutina.

Internetið býður einnig upp á mikla verslunarmöguleika, neytendur þurfa ekki að fara út úr húsi til að versla og geta verslað allan sólarhringinn, hvar sem er í heiminum og það eru engar hindranir.

Rannsókn var gerð á fólki sem annars vegar vann lottóvinning og hins vegar fólki sem lenti í slysi og þurfti t.d. að notast við hjólastól vegna slyssins. Þrátt fyrir ólíka atburðarás þá mældust báðir hóparnir aftur á sama hamingjustigi og þeir voru á áður en „áföllin“ áttu sér stað að ákveðnum tíma liðnum (Dittmar, 2008).

Wilska (1999) vann niðurstöður úr rannsókn sem gerð var í Finnlandi og á Bretlandi á ungu fólki á aldrinum 25 til 34 ára. Í Finnlandi hafði verið mikil uppsveifla í efnahagslífinu en á eftir fylgdi gífurleg niðursveifla. Meðan hagkerfið var í uppsveiflu hafði fyrrnefndur aldurshópur, 25-34 ára, vanist háum neyslustaðli og efnislegum munaðarvörum. Þegar hagkerfið tók dýfu niður á við voru efnahagsleg úrræði þessa aldursflokks orðin lítil og þau höfðu minnkað verulega, jafnvel meira en hjá öðrum aldurshópum. Þessi sami hópur upplifði

jafnframt atvinnuleysi og hefur því verið haldið fram að atvinnuleysið hafi bitnað verst á þeim miðað við aðra aldurshópa. Í kjölfarið þurfti hann að treysta á félagslega kerfið. Þessi hópur ungs fólks, þar sem eyðsla og útgjöld jukust mikið frá árinu 1980, hafði upplifað minni tekjur og neyslu frá árinu 1990 á meðan aðrir aldurshópar eru taldir hafa viðhaldið sínum neysluviðmiðum. Neyslan virtist því hafa leikið stærra hlutverk í lífi unga fólksins heldur en þeirra af eldri kynslóðinni.

Í rannsókninni virtist vera munur á efnishyggju kynslóða. Þar kemur fram að hver kynslóð sé meira fyrir efnishyggju heldur en sú næsta á undan. Ungt fólk í dag virðist hafa ágætan frítíma og fleiri tómsundur og mikið er til af munaðarvörum. Þjónusta eykst stöðugt, yngri kynslóðir alast upp í nýrri tegund neyslumeningar og eru líklegri til að eyða meiru en kynslóðin næst á undan. Ungir neytendur ætlast til tafarlausrar ánægju af neyslu á meðan þeir sem eru á miðjum aldri eru vanari frestaðri fullnægju, svo sem að spara fyrir draumafríinu, safna sér fyrir draumabílnum eða eiga fasteign skuldlaus til að skilja eftir fyrir börnin sín. Þessi munur milli kynslóðanna sást vel í Finnlandi. Til að breyta neyslumynstri og hugarfari ungs fólks telur Wilska nauðsynlegt að erfiðleikatímabil verði að vera að minnsta kosti lengra en 4 ár og/eða breytingarnar þurfi að vera stórtækar eins og t.a.m. miklar náttúruhamfarir eða stríð þar sem matarskortur yrði mjög mikill. Það er líklegt að fjárhagur ungs fólks sé verstur á þeim tíma sem það er að breytast úr ungmennum í fullorðið fólk og það tímabil lengist ef efnahagurinn er slæmur (Wilska, 1999).

Fram kemur í rannsókn Wilska (1999) að ungt fólk er líklegra til að skemmta sér meira en miðaldra og eldra fólk. Jafnvel ungt fólk með lítil fjárráð finnst það knúíð, og fann löngun til að eyða án tillits til hvort það hafi efni á að eyða peningum eða ekki. Ungt fólk eyðir mun hærri fjárhæðum en aðrir hópar í tómsundur og sældarlíf, má þar nefna raftæki og tækninýjungar svo fá dæmi séu nefnd.

Stór hluti ungs fólks vill ferðast sem mest á meðan stór hluti eldra fólk vill ferðast sem minnst. Viðhorf sem beindist að því að spara og safna peningum áður en hlutir voru keyptir var tengt við eldri kynslóðina en hluti af unga fólkinu verslaði til dægurstyttingar og tómsunda. Ungt fólk var þó í þeim aðstæðum að geta ekki keypt eins mikið og það langaði til. Sældarhyggjulífstill er því frekar kenndur við ungt fólk og neyslumynstur þess kemur aðallega fram í sjálfsdekri og þægilegu lífi. Verslunarferðir eru áhugamál hjá ungu fólki sem ekki finnst í eins miklum mæli hjá eldri kynslóðum. Þegar tekjur voru bornar saman þá vildu þeir með minnstu innkomuna fara oftar og kaupa sér til dægurstyttingar heldur en þeir sem voru með hærri tekjur.

Sparnaður hjá yngra fólkinu virðist þýða frestun á ánægju, sem sagt neyslunni. Fólkið virtist telja að því meiri og hærri tekjur því hamingjuríkara líf. Fólk taldi að lífið yrði miklu einfaldara ef það hefði meiri fjárráð þar sem því fannst það þurfa að leggja þarfir sínar til hliðar vegna þess að þarfir fjölskyldunnar gengu fyrir (Wilska, 1999).

Chan og Prendergast (2007) komust að því að því meira sem ungmenni horfðu á sjónvarp því líklegri voru þau til að taka þátt í félagslegum samanburði við glansmyndir í sjónvarpi sem þau báru sig saman við. Einnig eru skilaboð frá auglýsingum mikil þar sem þær notast við fallegt og aðlaðandi fólk, áhorfendur eru láttnir trúá því að lífið sé auðveldara með notkun vörunnar. Auglýsendur láta notendur vörunnar njóta félagslegra verðlauna fyrir að nota vöruna og að tengja vörunar við auðugan lífstíl.

Ungmenni sem bera saman sínar eigin eignir við eignir vina og jafningja, og einnig glansmyndir fræga fólksins, trúá því að eignir séu tengdar velgengni og hamingju og að þessar eignir séu það mikilvægasta í lífinu (Chan og Prendergast, 2007).

Watson (2003) gerði rannsókn á efnishyggju fólks. Þar var þátttakendum skipt í tvo hópa, mikið efnishyggjufólk og lítið efnishyggjufólk. Viðhorf þessara hópa til lána var skoðað og kom í ljós að sá hópur sem taldist meira efnishyggjufólk var jákvæðara fyrir því að taka lán (og þá sérstaklega fyrir munaðarvörum) heldur en þeir sem voru lítið fyrir efnishyggju. Sá hópur fjárfesti hins vegar meira í hlutabréfum og átti sjóði. Þessi rannsókn sýnir því að efnishyggjufólk virðist vera eyðslusamara og lítið efnishyggjufólk því sparsamara.

II. hluti

2.1 Norræn rannsókn á ungu fólki í greiðsluerfiðleikum

Árið 2004 unnu Lehtinen og Leskinen eigindlega rannsókn fyrir Norrænu Ráðherranefndina, á lífsstíl ungmenna, greiðsluerfiðleikum þeirra og neyslulánum. Rætt var við 28 ungmenni frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Íslandi. Þátttakendur höfðu stofnað til skulda í formi kreditkortalána, yfirdráttar, og bankalána og einnig við póstverslunarfyrirtæki t.d. á internetinu og lent í greiðsluerfiðleikum. Viðmælendurnir voru á aldrinum 18-30 ára. Ungmennin voru flokkuð í þrjá hópa eftir lífsstíl. Flokkunin var byggð á því hvernig viðmælendur töluðu um neyslu sína og ástæður neyslulána. Þau áttu það öll sameiginlegt að hafa byrjað að stofna til skulda um tvítugt og höfðu verið að leita eftir betra og þægilegra lífi. Þau höfðu litlar tekjur og þurftu því að velja og hafna í neyslu sinni og því höfðu þessi ungmenni leyst það vandamál með notkun kostnaðarsamra neyslulána. Þannig varð neyslan ekki eins takmörkuð og þau gátu lifað áhyggjulausu og góðu lífi upp að vissu marki. Þessi

rannsókn var byggð á þeirri hugmynd að greiðsluerfiðleikar séu ekki tilkomnir af aðeins einum orsakabætti heldur vegna lífsstíls einstaklingsins í heild þ.e.a.s. að mismunandi persónulegar og félagslegar kringumstæður hafi áhrif á þessa þróun. Það kom fram í mörgum viðtalanna að ungmennin höfðu í raun ekki brýna nauðsyn fyrir kreditkort né yfirdrætti. Ungmennin töldu að neysla þeirra og lífsstíll hafi verið aðalástæðan fyrir skuldasöfnuninni. Þau höfðu hvorki sparað né gert fjárhagsáætlanir fyrir framtíðina. Þau voru vön því að geta fengið hluti og vörur samstundis án þess að þurfa huga að sparnaði og án mikillar fyrirhafnar.

Fyrsti hópurinn var settur undir hatt þæginda- og sældarlífslífsstíls (e. Easy living and pleasure seeking lifestyle). Í þessum hópi voru ungmenni á aldrinum 19-27 ára. Hópurinn tók neyslulán fyrir útgjöldum fyrir tilteknum lífsstíl. Útgjöldin fóru í skemmtanir, kvikmyndir, kvikmyndahús, klúbba, tónlist, dýran fatnað, tækninýjungar, rafeindateki, ferðalög og skemmtanir að ýmsu tagi sem þau létu eftir sér. Neyslan fór í hluti sem þau mátu mikils og nutu þess að eyða peningum í. Með því að taka neyslulán fannst þeim þau forðast fjárhagsáhyggjur og vera meira afslöppuð varðandi neysluna og leyfa sér meira. Þegar þau byrjuðu í námi sem var tímafrekt þurftu þau að minnka vinnuna en útgjöldin minnkuðu aftur á móti ekki í samræmi við innkomu. Eftir á að hyggja sáú margir þetta sem eina ástæðu þess að skuldir söfnuðust upp. Vinir og kunningjar höfðu mikil áhrif á neysluhegðun þeirra. Þau litu ekki svo á að það væri hægt að kenna þeim sjálfum einungis um, þau höfðu einungis látið berast með straumnum. Það var þeim mikilvægt að tilheyra hóp en þau töluðu minna um að vinir þeirra væru sérstaklega nánir.

Þar sem vinahópurinn í kringum þau hafði ekki breytt um lífsstíl þá fannst þessum ungmennum erfitt að breyta sínum eigin þó svo að þeir vissu að fjármálin væru ekki á réttri leið. Athyglisvert er að þau höfðu aðallega stofnað til skuldanna þegar innkoma þeirra var sem mest. Viðmælendurnir höfðu margskonar kreditkort og yfirdráttarlán voru algeng. Margir höfðu tekið námslán en höfðu ekki borgað það til baka.

Þegar ungmennin sömdu um niðurgreiðslu á skuldum sínum höfðu þau samið á eigin vegum við banka og aðra lánadrottna. Ungmennin reyndu að fara eigin leiðir til að leysa greiðsluerfiðleikana. Auðveldasti kosturinn var að sameina skuldirnar og taka eitt bankalán og greiða eina greiðslu til eins fjármálafyrirtækis. Þau sem völdu þessa leið voru ánægð, sérstaklega þegar greiðsluþjónusta bankanna sá um greiðslurnar svo þau þurftu ekki að hugsa mikið meira um skuldirnar. Viðmælendum fannst hluti af sökinni fyrir greiðsluerfiðleikum liggja hjá þeim sem leyfðu og afgreiddu kreditkortin, hugarfarið til yfirdráttarlána var jákvætt og aðgengi að fjármagni nánast ótakmarkað. Sumir héldu því fram að þeir hefðu verið narraðir og töldu sig hafa lent í greiðsluerfiðleikum vegna lélegs dómgreindarskorts. Þeir

hefðu í raun ekki haft þörf fyrir svo háan yfirdrátt eða lán sem þeim hafði verið boðið. Að auki kenndu þeir foreldrum um lélega fjármálafræðslu. Ennfremur höfðu þeir orð á hlutverki fjölmiðla hvað varðaði fjárhagsörðugleika ungs fólks með því að auglýsa og koma á framfæri neysluvinsemd til þjóðfélagsins.

Hópur númer tvö var kallaður áhættufjórðingur. Þessi hópur notaði neyslulán til að setja fjármagn í hlutabréf, verðbréf eða fjárfesti í menntun sinni. Þátttakendur voru á bilinu 22-29 ára og því eldri en fyrri hópurinn. Þessi hópur, eins og fyrsti hópurinn, leitaði eftir ánægju í neyslunni og eyddi peningum með annars konar áherslu en fyrri hópurinn; ánægjan var ekki eins stór þáttur og hjá fyrri hópunum. Þessi hópur eyddi minna í afþreyingu og tómstundir en neysla þeirra beindist meira að ákveðnu markmiði og notagildið var yfirleitt meira í því sem keypt var. Tiltekinn hópur ígrundaði lánin mun meira sem hann tók heldur en fyrri hópurinn. Áhættufjórðingarnir gerðu samanburð milli lána með tilliti til vaxta, afborgana og kostnaðar við lántöku. Þeir höfðu tekið kreditlán til að kaupa farsíma, tölvur, húsbúnað, tækninýjungar og hjól. Hlutirnir voru í dýrari kantinum og höfðu ákveðið verðgildi svo þeir áttu eitthvað verðmætt eftir eyðsluna. Fleiri í þessum hóp áttu fasteign en í hinum hópunum og höfðu tekið íbúðalán fyrir því. Einhverjir höfðu fjárfest í hlutabréfum og þessa ungu neytendur dreymdi um að verða efnaðir og fá góð laun. Þeir höfðu löngun til að grípa ný tækifæri. Jafnvel þó lífstíll þeirra væri dýr fannst þeim að þeir hefðu efni á að lifa þannig. Þessi ungmenni áttu það sameiginlegt að verða fljótt leið og óþreypufull á hversdagsleikanum, bæði hvað varðar fjárfestingar og vinnu. Þau leituðu að áhættusamari og stærri fjárfestingum og eftir ákveðinn tíma í vinnunni þá vildu þau reyna eitthvað nýtt. Þau sem höfðu notað kreditlán til að læra erlendis eða til að ferðast sögðust hafa verið að fjárfesta í sjálfum sér og í eigin framtíð. Þau töldu reynsluna vera dýrmæta og reynast þeim vel í framtíðinni. Í þessum hóp voru áhrif neyslunnar frá vinum hvað veikust. Viðmælendur í þessum flokki höfðu meiri og breiðari þekkingu á fjármálum en í fyrri flokknum. Þeir voru betur viðbúnir sveiflum í hagkerfinu eins og breytingum á vöxtum eða þeirra eigin fjármálum vegna þess að þeir höfðu meiri reynslu og þekkingu á þessum málum. Það sem kom fram í viðtölum við þennan hóp var að sjálfstraust þeirra var meira hvað varðar eigin getu til að takast á við fjármálin og taka áhættu. Þessi hópur hafði tekist á við niðurgreiðslu skulda sinna með aukinni vinnu, aðstoð frá foreldrum, breytingu á lánnum, minnkuðum útgjöldum og sumir juku innkomuna með því að leigja út fasteign sína. Fyrir þetta unga fólk var erfiðast að breyta neysluvenjum sínum. Því fannst erfitt að sætta sig við takmarkað frelsi sökum fjármála og höfðu samið við lánardrottna og gert áætlanir um afborganir oftast en hinn hópurinn. Þegar og ef áætlunin, vinnuaðstæður eða vaxtastaða breyttist þá var réttlætningin þeirra sú að áhættusöm fjárfesting var ástæða

fjárhagsörðugleikanna. Þessi ungmenni bjuggu til áætlanir sjálf um afborganir sem tóku mið af lífsaðstæðum þeirra hverju sinni.

Þriðji og síðasti hópurinn voru ungmenni sem falla undir það sem kalla má sundurlausan hóp (e. rambling lifestyle) og voru á 22-30 ára. Þessi hópur notaði neyslulán til að kaupa nauðsynjar og komast af. Þessi hópur var stærstur og hafði verið lengst í greiðsluferfiðleikum. Ungmenni þessa hóps voru að meðaltali minnst menntuð miðað við hina viðmælendurna. Þau áttu það sameiginlegt að hafa verið í mörgum vinnum og stundað nám við nokkra skóla, margir hverjir voru enn að leita að sínu áhugasviði. Meirihluti þeirra höfðu farið að heiman ung, 15–16 ára. Þessi hópur ungmenna var ekki aðeins í vandræðum með eigin lán heldur hafði einnig gengist í ábyrgðir fyrir aðra og þær skuldir fallið á þau. Neyslan í þessum hóp einkenndist oft af hvatvísi og þess að ungmennin hugsuðu til baka til „heimskulegra ákvarðana“ eins og þau sjálf orðuðu það. Þó svo að neysla væri mikilvæg fyrir þennan hóp líka þá var aðaláherslan hjá þeim ekki sú að hafa ánægju af og njóta þess að eyða. Hann ræddi aðallega um að kaupa hluti sem voru nauðsynlegir. Vinahópur þeirra var á svipuðum stað hvað varðar fjármál en tengsl og vinátta virtist vera nánari og meiri trúnaður til staðar heldur en hjá hinum hópunum. Félagsleg tengsl voru því mjög mikilvæg hjá þessum hóp. Ungmennin reyndust trygg, örlát og heiðarleg gagnvart vinum sínum. Það gerði þeim auðveldara fyrir að kljást við aðstæðurnar og gaf þeim styrk þegar hvað erfiðast var. Margir af viðmælendunum í þessum hóp vantaði hrein og klár markmið inn í líf sitt og eitthvað til að vinna að. Þeir voru ólíkir hinum hópunum að því leyti að þeir höfðu færri úrræði, minni tekjur og vantaði stuðning frá æskuheimilinu. Þeir höfðu valið rangt lán og reiknað dæmið vitlaust út. Þyngstu skuldir þeirra höfðu hlaðist upp vegna smávægilegra innkaupa. Skuldirnar samanstóðu af námslánum, ógreiddri leigu, símareikningum, áskriftareikningum, póstpöntunum, kreditkortaskuldum, yfirdráttarlánum, bílalánum og íbúðalánum.

Skuldir höfðu gert þessi ungmenni þunglyndari en ungmennin í hinum hópunum. Þunglyndið hafði jafnvel haft þau áhrif á þau að þeim fannst erfitt að takast á við einföldustu hversdagshluti. Oft hafði tilraunin til að hagræða skuldunum verið tilviljanakennd. Ungmennin voru oft á milli steins og sleggju, þau höfðu engin úrræði, aðstæður þeirra þóttu ekki nægilega slæmar til að veita þeim fjárhagsaðstoð til að koma þeim á réttan kjöl. Þau skorti heildaryfirsýn yfir skuldirnar og þar af leiðandi var erfitt að ráða bót á vanda þeirra. Sem dæmi má nefna afborgun af námsláni þar sem stór hluti ungmenna mundi ekki hvað hafði verið samið um í byrjun og höfðu þar af leiðandi ekki gert ráð fyrir tilteknum reikningum.

Samkvæmt framangreindri rannsókn stofnuðu þau ungmenni á Norðurlöndum, sem rætt var við í þessari rannsókn, til skulda á sama hátt, sömu ástæður liggja að baki og sömu neyslulán eru ríkjandi.

Þegar skuldahagræðing byrjaði hjá þessum þriðja og síðasta hóp, reyndi hann að taka á vandamálunum á ábyrgan hátt. Samt reyndist það allt of erfitt fyrir þennan hóp að eiga við og þess vegna gerðu sumir ekkert til að leysa úr málunum. Lítil innkoma bættist við óraunhæfar greiðsluáætlanir og jók á vonleysið hjá mörgum skuldurum. Í viðtölum við síðasta hópinn kom oft fram en í hinum hópunum umræða um ójöfnuð og misrétti. Að mati þessara viðmælenda þá sýndi samfélagið þeim sem minna máttu sín ekki nógu mikla athygli og þeir urðu útundan félagslega. Þó úrræði þeirra væru fá gátu þau samt ekki kvartað vegna alvarlegrar fátæktar.

Þegar ungu viðmælendurnir höfðu fengið kreditlán voru þeir upplýstir um vextina, afborganir og fleiri atriði er tengdust láninu. Fáir veittu því þó athygli á þeim tíma og höfðu þar af leiðandi ekki hugsað um hvað þessir hlutir þýddu í raun.

Þó að viðmælendur tækju ábyrgð á skuldasöfnun sinni fannst þeim þó nokkrar ástæður liggja að baki skuldunum. Þar ber að nefna foreldra sem höfðu ekki upplýst þau nógu vel um fjármál þ.e. þau hefðu viljað fá meiri fræðslu heima fyrir. Fjölmíðlar kæmu á framfæri neysluginsemd í þjóðfélaginu með tíðum auglýsingum að þeirra mati. Að lokum ber að nefna starfsmenn lánastofnana sem hvöttu þau til að taka hærri lán. Sumir héldu því fram að þeir hefðu lent í greiðsluferfiðleikum vegna dómgreindarskorts og þeir hefðu í raun ekki þörf fyrir svo háan yfirdrátt eða kredit eins og þeim hafði verið boðið (Lehtinen og Leskinen, 2004).

2.2 Fjármálalæsi

Robert T. Kiyosaki (2001) skrifaði bók um fjármálalæsi fólks þar sem hann heldur því fram að fjármálamenntun fari fram á heimilum og foreldrar mennti börnin sín. Fræðsla á fátæku heimili verður því ekki nógu góð þar sem foreldrar á því heimili hafi ekki nægt fjármálavit sjálfir; fjárhagsleg vandamál eru að hans mati leyst með hugsun sem er kölluð fjármálavit. Börn fátæks fólks geta útskrifast með góðar einkunnir en samt ekki vitað neitt um fjármál og haft viðhorf fátæka mannsins til peninga sem endurspeglast í því að sá fátæki telur að skuldarnar hverfi með hærri launum. Börnunum er ekki kennt að byggja traustan fjárhagslegan grunn og því hrynur spilaborgin allt of oft vegna vankunnáttu í fjármálum. Einfaldir hlutir eins og bókhald skipta miklu máli og jafnvel mestu máli þegar kemur að fjármálalæsi. Kiyosaki segir að regla númer eitt sé að vita muninn á eign og skuld og kaupa eignir en ekki

skuldir. Hann segir að flestir berjist við að láta enda ná saman vegna þess að þeir vita ekki muninn á eign og skuld. Þeir ríku kaupa eignir, þeir fátæku og miðstéttin kaupir skuldir en þeir halda að þeir séu að kaupa eignir. Flestar venjulegar fjölskyldur vinna mikið til að eiga fyrir öllu því sem þarf að borga af og láta enda ná saman. Staða þeirra er ekki til komin vegna þess að þær vinna sér ekki inn neina peninga heldur vegna þess að allt lífið eru þær að kaupa skuldir í stað eigna. Fátækt fólk og miðstéttin vinnur og fær sér einnig aukavinnu til að fá hærri laun en oft eru hærri laun ekki lausnin heldur hvernig fólk ráðstafar launum sínum eftir að það fær þau í hendurnar. Það er algengt að þegar fátækt fólk vinnur í lottó eða fær arf eða launahækkun að það komi sér ekki upp úr vítahringnum og greiðsluferfiðleikar þess versni jafnvel og fólk komi sér í enn verri mál en áður en aukið fjármagn kom til sögunnar. Ef hugarfarið hjá fólki birtist í því að eyða öllu fé sem það eignast þá mun meira fé einungis þýða meiri eyðslu. Hann heldur því fram að það sem vanti í menntun fólks í dag sé ekki hvernig fólk eigi að afla peninga heldur hvernig eigi að ráðstafa þeim þegar búið er að afla þeirra.

Það sem Kiyosaki kallar færni í fjármálum er það sem fólk gerir við peningana eftir að þeirra hefur verið aflað, hvernig það kemur í veg fyrir að þeir séu teknir frá því, hve lengi fólki helst á þeim og hversu vel peningarnir vinna fyrir það. Hann heldur því fram að ástæðan fyrir því að flestir sem ekki gera sér grein fyrir því hvers vegna þeir eiga í fjárhagsörðugleikum sé sú að þeir skilja ekki fjárstreymi. Munurinn á eign og skuld er sá að eignin færir peninga í vasann en skuldin tekur peninga úr vasanum. Hann heldur því einnig fram að sannur munaður séu verðlaun fyrir fjárfestingu í raunverulegri eign og þróun hennar. Með því á hann við að fólk verði að hafa efni á að borga munaðinn að fullu og eiga hann því að fullu en ekki taka lán fyrir munaðnum eða gera samning um léttgreiðslur. Kiyosaki setur því fram þá tilgátu að fólk verði að komast út úr lífsgæðakapphlaupinu og að fólk sé eins og hamstrar í hjóli þegar reikningarnir eru farnir að stjórna lífi fólks. Fólk á að koma sér inn á beinu brautina þar sem það á eignir sem skapa innkomu en ekki bara skuldir sem aðeins eru útgjöld (Kiyosaki, 2001).

2.3 Kreditkort

Lachance, Beaudoin og Robitaille (2006) gerðu rannsókn á kanadískum ungmennum á aldrinum 18-29 ára á notkun þeirra og þekkingu á kreditkortum. 980 manns svöruðu spurningunum á listanum og notaði meirihluti úrtaksins að minnsta kosti eitt kreditkort.

Í Kanada eru sífelld fleiri ungmenni með námslán og skuldir á kreditkortum sínum. Frá árinu 1986 til 2001 hefur kreditkortanotkun ungs fólks á aldrinum 18-30 ára hækkað úr 25% í 66% í Quebec.

Rannsóknin sýndi að kreditkortanotkun ungs fólks var mjög mikil, 77,4% af hópnum notuðu að minnsta kosti eitt kreditkort. Meirihluti þessara ungmenna sagðist vera með fjárhagsáætlun og 67,5% sögðust vera með reglubundinn sparnað. Um helmingur þátttakenda eða 50,5% taldi sig vera hæfan til að stjórna sínum eigin fjármálum.

Um 42% kanadískra kreditkortanotenda vissu ekki hve háir vextir voru á kortinu sem þeir notuðu mest. Þannig að mikil notkun þýðir ekki endilega að fólk sé vel að sér um það sem snýr að notkun kortanna.

Einn af hverjum fjórum segist aðallega hafa lært fjármál af eigin reynslu. Sú leið er ekki endilega besta leiðin til að læra fjármál og geta mistök og fjármálavandræði á þessu sviði verið mjög dýr og leitt til mikillar streitu, kvíða sem og fjölskyldu- og heilbrigðisvandræða til lengri tíma litið.

Ungmennin sem höfðu fengið þekkingu sína og kunnáttu í fjármálum í gegnum persónulega reynslu, fjölskyldumeðlimi og vini virtust vita almennt minna um kreditlán heldur en þau sem sögðust hafa fengið þekkingu sína af námskeiðum, úr fjölmiðlum eða frá fjármálaráðgjöfum. Þegar lagðar voru spurningar fyrir þátttakendur sem mældu fjármálalæsi þeirra féllu um 40% þeirra á prófinu.

Þau sem ekki fengu utanaðkomandi menntun í fjármálum skoruðu færri stig þegar próf var lagt fyrir þau í fjármálafræðslu heldur en þau sem höfðu þekkinguna frá námskeiði eða annarri fræðslu, þar sem námskeiðin höfðu jákvæð áhrif á fjármálalæsi einstaklingsins. Það sýnir sig að fræðslan heima fyrir er ekki nægjanlega góð eins og hún þyrfti að vera fyrir ungmennin. Börn fá yfirleitt mesta félagsmótun frá foreldrum sínum svo það á eflaust líka við um fjármálafræðslu og neyslu. Foreldrarnir eru fyrirmyndir þeirra og börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Líklegt er að foreldrar miðli áfram því sem þeim var kennt ómeðvitað og kennslan sé ekki áætluð né skipulögð fræðsla.

Þar sem þeir sem höfðu mest fjármálavit höfðu lært það á námskeiðum, hjá ráðgjöfum, í fjölmiðlum og annars staðar þá stendur eftir sú staðreynd að formleg menntun í fjármálum er nauðsynleg. Það er ekki hægt að alhæfa að skóli standi betur að þessari fræðslu en önnur námskeið og fræðsla. Einnig má gefa sér að þegar einstaklingur ákveður að leita sjálfur til fjármálaráðgjafa þá gagnist þær upplýsingar vel og séu vel varðveittar. Þetta styður einnig þá kenningu að fjármálaráðgjafi geri mikið gagn og viðkomandi sem leitar til hans hagnist á ráðunum sem hann fær. Einnig er það sennilegt að sá sem leitar sér ráðgjafar hafi áhuga á

fjármálum og sé þá þegar búin að kynna sér grunnreglur í notkun kreditkorta. Í Kanada töldu 87% af þeim sem höfðu nýtt sér aðstoð fjármálaráðgjafa sig hagnast á ráðgjöfinni og þessir einstaklingar virtust vera betur upplýstir en aðrir.

Kreditkortanotkun á ekki að vera vandamál í sjálfu sér þegar notandinn kann að nýta sér hana á réttan hátt. Sú virðist oft ekki vera raunin að sá sem ætlar sér að nota kreditkort læri grunnreglurnar áður en notkun hefst. Þetta má bera saman við þann sem lærir að keyra bíl, hann þarf að þekkja öll umferðarmerkin og reglurnar og aka undir handleiðslu kunnáttumanns í nokkurn tíma áður en hann fær að nota farartækið að vild. En þó að ungmenni hafi ekki notað kreditkort sjálf þá hafa þau jafnvel verið í óbeinum tengslum við kreditkort í mörg ár þar sem þau hafa upplifað notkun foreldra sinna á kortinu daglega en samt er ekki endilega búið að fræða þau um raunveruleikann við það að nota kortið. Gott viðhorf til kreditnotkunar er tengt við góða þekkingu á kredit. Það virðist því gilda að því betur sem einstaklingurinn veit hvernig kreditkortið virkar þeim mun öruggari verður hann með þennan greiðslumáta og viðhorf hans verður betra gagnvart kreditkortinu og skuldunum.

Í rannsókn sem var gerð í Kanada á ungu fólki á aldrinum 18-24 ára þá skoruðu það lægra á prófinu en almenningur í þekkingu um persónuleg fjármál, fjárhagsáætlun og kreditlán. Það eru því jákvæð tengsl milli aldurs og fjármálakunnáttu, því yngri sem ungmennin voru því minni fjármálakunnátta. Fram kom að því hærri tekjur sem viðkomandi hafði því meiri þekkingu hafði hann á kreditmálunum.

Fjöldi þeirra sem er yngri en 25 ára og hefur orðið gjaldþrota hefur tvöfaldast milli áranna 1987 og 2001. Kreditkortaskuld er næst algengust á eftir námslánum sem hefur verið valdur að gjaldþroti kanadískra ungmenna kringum 1990 (Lanchance, Beaudoin og Robitaille, 2006).

Í rannsókn Lea og féлага (1992) var úrtakið viðskiptavinir fyrirtækis að nafni Welsh Water sem er með einkaleyfi á veitingu vatns til einnar milljónar heimila í Wales. Þeir útveguðu gögn um viðskiptavinir og gáfu upp skuldastöðu viðkomandi við fyrirtækið. Þeim 420 svarendum sem samþykktu að taka þátt í könnuninni, var skipt niður í þrjá hópa. Fyrsti hópurinn samanstóð af þeim sem voru skuldlausir, annar hópurinn voru þeir sem skulduðu fyrirtækinu og voru búinir að fá ítrekun senda með reikningnum sínum en höfðu enn ekki borgað og að lokum í þriðja og síðasta hópnum voru þeir sem voru í miklum skuldaerfiðleikum þar sem reikningar þeirra voru komnir í vanskil og farnir í innheimtu hjá lögfræðifyrirtæki.

Þrír þættir voru skoðaðir. Efnahagsleg staða var skoðuð, tekjur, atvinnustaða og fasteignastaða, stærð húsnæðis og fjölskyldustærð. Einnig voru efnislegir þættir skoðaðir eins og hegðun og viðhorf.

Svarhlutfallið var ekki nógu gott aðeins 21%, enda var viðfangsefnið viðkvæmt. Minnsta svarhlutfallið var í hópnum með alvarlegustu greiðsluferfiðleikana en besta svarhlutfallið var hjá þeim sem áttu við enga skuld hjá fyrirtækinu. Þegar hóparnir voru spurðir beint út hvort þeir skulduðu vatnsfyrirtækinu þá svöruðu einn þriðji af hópnum sem skuldaði og fengu ítrekun játandi og aðeins minnihluti í stórskuldarahópnum viðurkenndu að skulda fyrirtækinu.

Þeir sem viðurkenndu skuld við vatnsfyrirtækið viðurkenndu einnig að skulda öðrum fyrirtækjum. Þessi skuld var ekki eins og aðrar skuldir þar sem þetta fyrirtæki, vatnsfyrirtækið í þessu tilviki, lánaði ekki fólki peninga og fólk biður ekki um að fá lánið (bað ekki um að fá að borga seint og illa). Einnig hafa þeir öflugt ítrekunarkerfi og fara með skuldirnar til innheimtufyrirtækja og að lokum loka þeir fyrir vatnið en samt sem áður höguðu skuldarnir sér ekki öðruvísi gagnvart þessu fyrirtæki heldur en gagnvart öðrum lánadrottnum.

Það sem kemur fram á þessum svörum er að aðalorsök skuldarinnar sé fátækt. Ef maður ber saman hóp 1, þá skuldlausu og hóp 3, þá sem eiga í alvarlegum skuldaerfiðleikum, þá hefur síðarnefndi hópurinn miklu lægri tekjur, voru lægra settir í félagslega stiganum, þeir voru ólíklegri til að eiga fasteignina sem þau bjuggu í, og þar af síður að eiga hana skuldlausu. Þau voru líklegri til að eiga fleiri börn. Aðeins 1% af þeim skuldlausu áttu þrjú eða fleiri börn.

Skuldir eru því óhjákvæmileg afleiðing fjárhagsvandræða heimila. Vandræðin geta aukist vegna óhentugs efnahagsumhverfis, vegna lítillar fjármálakunnáttu einstaklinga eða sú staðreynd að það krefst meiri hæfni til að halda öllu réttu megin við núllið þegar árstekjur eru undir 5000 pundum heldur en yfir 20.000 pundum.

Í kringum skuldarana hjálpaði þeim andlega að hafa félagslegan stuðning af fólki sem voru í sömu stöðu fjárhagslega. Í hópi stórskuldaranna sögðu 33%, að vinahópur þeirra teldi það eðlilegt að skulda þjónustufyrirtæki í opinberri eigu, að minnsta kosti 100 pund. Þessar niðurstöður sýna fátækt sem ástæðuna fyrir skuldum. Félagslegt umhverfi þeirra sem hafa lítil fjárráð er líklegt til að innihalda hóp fólks í sömu erfiðleikum og þar með bæði skilja þau hvert annað og höfðu samúð.

Allir hóparnir voru með svipað viðhorf til skulda, þ.e.a.s. að viðhorf til skulda voru neikvæð. Ungt fólk er líklegra til að bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart ungum börnum, það hefur ekki enn náð hámarki tekna sinna, það þarf að borga háa leigu eða meiri afborgun af húsnæðisláni heldur en þeir sem hafa komið sér betur fyrir fjárhagslega fyrir sem eru um það

bil tveimur áratugum eldri. Eðlilegt ferli var að hópur ungs fólks vex upp úr skuldunum og um miðjan aldur eru þau orðin fjárhagslega öruggari. Niðurstöðurnar í rannsókninni sýna að eldri svarendur, á aldrinum 65-74 ára koma sér hjá skuldum og sýnir það vel andúðina sem fólk hafði á skuldum hér áður fyrr í Bretlandi en er ekki lengur við lýði (Lea og félagar, 1992).

Lunt og Livingstone 1991 gerðu rannsókn og tóku djúpvíðtöl við 279 einstaklinga um efnahag þeirra. Greint var milli þeirra sem spara og þeirra sem ekki spara. Fram kom að þeir einstaklingar sem spöruðu reglulega voru yfirleitt með hærri tekjur og meiri menntun en þeir sem ekki spöruðu. Þeir sem spöruðu fannst þeir betur settir heldur en fyrir einu ári síðan, þeim fannst þeir höndla fjármálin betur en foreldrar þeirra, töldu sig betur sett en þegar foreldrar þeirra voru á svipuðum aldri, bjuggust við því að vera enn betur sett eftir eitt ár og töldu efnahagskerfið í heild sinni gott. Þarna var sparnaður tengdur við jákvæðni fólks á eigin fjárhag og efnahagskerfinu yfirleitt.

Einnig var tekið eftir því hvort viðkomandi taldi sig vera við stjórnartaumana eða ekki. Staða stjórnunar greindi á milli þeirra sem spöruðu og hinna. Þeir sem ekki spöruðu trúðu á að þættir eins og örlagatrú hefðu áhrif og svöruðu t.d. „ég fylgi bara straumnum“ eða „allar góðar áætlanir fara alltaf í súginn“. Þeir sem spöruðu aftur á móti, trúðu mikið á persónulega þætti eins og t.d. að með mikilli vinnu og dugnaði yrðu þau verðlaunuð og að fólk ynni sér inn þá virðingu sem það ætti skilið. Þeir sem ekki spöruðu fannst þau vera minna með stjórn yfir fjármálum sínum heldur en þeir sem spöruðu og þau virtust heldur ekki fylgjast vel með fjármálum sínum þ.e. þeir vissu ekki hve háa fjárhæð þau áttu inn á bankabókum sínum eða hvaða reikningum þeir gætu átt von á að fá.

Útskýringar á fjárhagsvandræðum þeim er þeir höfðu lent í voru einnig mismunandi eftir hvorum hópnum fyrir sig. Þeir sem spöruðu töldu að skortur á sjálfsaga væri ástæðan meðan þeir sem ekki spöruðu kenndu sveiflukenndum tekjum um.

Áætlanir til að takast á við fjármálavandann voru ólíkar eftir hópnum tveimur. Þeir sem ekki spöruðu vildu frekar sveigjanleika og undanlátssemi í áætlunum um meðhöndlun fjármála. Þessi sveigjanleiki er túlkaður svo að þeir sem ekki spara myndu eyða peningum þegar þá langaði og létu undan utanaðkomandi áreiti. Á móti vilja þeir sem spara ekki fallast á sveigjanleika og undanlátssemi í meðhöndlun fjármála. Ein tilgátan var sú að fólk sem sparaði setti vissa fjárhæð til hliðar í hverjum mánuði og var með áætlun sem átti að fara nákvæmlega eftir. Þeir sem ekki spara, höfðu tilhneigingu til að gefa eftir stjórn sinni á fjármálum sínum, upplifa sig sem fórnarlamb ytri aðstæðna og ávíta sjálfa sig þegar hlutirnir fóru úrskeiðis.

Þeir sem ekki spöruðu virtust halda fjárhagsstöðu út af fyrir sig, töldu það einkamál sitt og sögðu vinum og ættingjum ekki frá stöðu sinni. Þeir sem spöruðu fengu þannig

félagslegan stuðning með því að tala við vini og ættingja um fjármál og öðluðust einnig meiri upplýsingar og betri ráð um fjármál. Þeir sem ekki spöruðu upplifðu sig sem þolendur og fórnarlömb ytri aðstæðna, ásökuðu sig og fóru í uppnám og nýttu sér ekki félagslegan stuðning frá öðrum.

Þeir sem spöruðu voru sáttari við lífskjör sín, þrátt fyrir að þau væru ekki há, og getu sína heldur en þeir sem ekki spöruðu.

Þeir sem spöruðu versluðu í fáum eftirlætisverslunum og notuðu ákveðna áætlun, en á móti versluðu þeir sem ekki spöruðu á mörgum stöðum. Þeir sem ekki spöruðu fannst kreditkortanotkun flókin, væri bæði gagnleg en á sama tíma boðaði hún vandræði á meðan þeir sem spöruðu féllust ekki á þessi viðhorf. Þetta passar vel við það að þeir sem spara eru með ákveðna áætlun í gangi sem þeir fylgja en þeir sem ekki spara eru ekki með nógu staðfasta áætlun í gangi og eru of undanlátsamir.

Raunin er sú að þeir sem trúðu á persónulega stjórn á fjármálunum sínum, þeir gerðu fjárhagsáætlanir um ráðstöfunarfé og höfðu þannig hlutina einfalda, á meðan sá sem ekki sparaði hafði tilhneigingu til að flækja hlutina og fannst hann því hafa minni stjórn á fjármálum sínum.

Þeir þættir sem spáðu fyrir um sparnað í þessari rannsókn voru viðhorf, gildi, umræða um fjármál og fjármálahegðun. Hér er talið að sá sem spari, eyði meira í vörur með meiri endingartíma, og eyði minna í vörur sem er neytt þegar í stað. Einstaklingurinn sem sparar ekki/eða minna, eyðir meira í mat heldur en fatnað, og metur skemmtun meira. Þeir sem spara meira gætu því verið meira uppteknir af góðum gæðum, og vörum sem endast lengur heldur en sá sem fer búð úr búð til að eltast við útsölur og reyfara kaup.

Umræður um fjármál geta verið góð aðferð til að létta á undirliggjandi streitu, þar sem þeir sem spöruðu meira rifust minna við maka sína vegna fjármála. Aftur á móti eru þeir sem ekki spara viðkvæmari fyrir rifrildum og gætu haft þörf fyrir meiri félagslegan stuðning frá vinum.

Forspáin segir að því meira sem fólk sparar, því meiri líkur eru á að einstaklingurinn sé karlkyns, sé eldri, eigi færri börn, sé með hærri tekjur, sé með stærri fjárfestingar, og eyði meiru í tryggingar.

Eftir því sem fólk er yngra getur það sparað minna þar sem tekjurnar eru enn lágar og útgjöldin eru einnig mest. Einnig eftir að þátturinn um aldurinn var tekinn inn í, því fleiri börn sem fólk átti því minni sparnaður. Því meira sem fólk sparaði því meira eyddi það í tryggingar.

Eldra fólk getur átt meiri sparnað þar sem það er ef til vill búið að koma sér upp eftirlaunasjóði. Vegna aldurs síns eru þau einnig líklegri til að hafa erfð peninga frá foreldrum sínum eða öðrum ættingjum. Á móti eru þeir sem eiga fleiri börn og minni sparnað líklegri til þess að hafa aðstoðað börn sín við að koma upp öðru heimili, leggja í innborgun fyrir börnin sín, borgað brúðkaup, keypt bíl fyrir 21 árs afmælið, og aðstoðað við kostnað á menntun (Lunt og Livingstone, 1991).

III. hluti

3. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga

3.1 Fjárhagsaðstoð

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kveða á um að hverjum einstaklingi beri skylda til að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára sbr. 19. gr. laganna. Samkvæmt 2. gr. 19. gr. hafa sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón hafa samkvæmt lögnum einnig karl og kona sem búa saman og eru bæði ógift, enda hafi sambúðin verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram. Sama gildir um sambúð einstaklinga af sama kyni. Í 20. gr. segir að um skyldur sveitarfélags til að veita fjárhagsaðstoð gilda almenn ákvæði um félagsþjónustu skv. IV. kafla laganna. Sveitarstjórn skal setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, sbr. 2. mgr., að fengnum tillögum félagsmálanefndar, sbr. 21. gr. laganna. Í 2. mgr. 21. gr. kemur fram að félagsmálanefnd meti þörf og ákveði fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar, sbr. 1. mgr Sveitarfélögum ber skylda til að veita fjárhagsaðstoð samkvæmt almennum ákvæðum um félagsþjónustu. Félagsmálanefnd ákveður upphæðir fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og metur þörf hvers og eins í samræmi við reglur sveitarstjórnar.

Í VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga er fjallað um fjárhagsaðstoð og inntak hennar. Heimilt er að veita öllum þeim einstaklingum aðstoð sem hafa vegna sérstakra ástæðna svo sem náms, stofnun heimilis eða áfalla ekki ráðið við fjárhagslegt erfiði. Skoða þarf vel barnafjölskyldur og aðstæður þeirra, bæði fjárhagslegar og félagslegar. Einnig þarf að kanna til hlítar hvort að umsækjandi eigi rétt á einhverjum öðrum bótum t.d. úr lífeyrissjóði eða styrk til náms.


Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umsókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laganna.

Aðstoð þessi getur verið annað hvort í formi láns eða styrks. Lán á við í þeim tilfellum sem umsækjandi óskar þess sérstaklega eða vegna þess að aðstæður hafa leitt í ljós að hægt er að gera kröfu um endurgreiðslu með tilliti til eigna og framtíðartekna. Þó ber að taka fram að félagsmálanefnd hefur ekki leyfi til þess að breyta styrk í lán nema umsækjandi hafi óskað þess. Í 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kemur fram að fjárhagsaðstoð, veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær, sé ætíð endurkræf. Í 1. mgr. 24. gr. segir að skylt sé að veita félagsmálanefndum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildi um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda. Í 2. mgr. 24. gr. kemur fram að atvinnurekendum sé skylt að láta félagsmálanefndum í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.

Á mynd 1 hér að neðan má sjá úthlutun fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga byggða á fjölskyldustöðu árið 2005.


Einstæðar mæður voru nær helmingur viðtakenda fjárhagsaðstoðar. Þessi tiltekni þjóðfélagshópur virtist eiga undir högg að sækja fjárhagslega, rekstur heimilis var erfiðari á einum launum heldur en ella og vert að kanna aðstæður þessa þjóðfélagshóps enn frekar.

Einhleypir karlar komu þar næst á eftir og voru um 30% viðtakenda. Reykjavíkurborg veitti alls 2.929 heimilum fjárhagsaðstoð árið 2005. Alls var 318 málum synjað en flestar þeirra voru umsóknir um styrk vegna sérstakra erfiðleika (Sigríður Jónsdóttir, 2005).




Mynd 1. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldustöðu árið 2005

Þegar horft er til aldurs viðtakenda á mynd 2 á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga kom einna helst á óvart hversu margir innan við 24 ára þáðu fjárhagsaðstoð eða rúm 20%. Einnig var stór hópur á aldrinum 25-39 ára sem þáði fjárhagsaðstoð eða nálægt 40%. Árið 2006 var veitt fjárhagsaðstoð í borginni í 2.685 málum, 275 málum var synjað og voru ástæður synjunar af svipuðum toga og árið 2005. (Sigríður Jónsdóttir, 2006). Mismunurinn milli þessara tveggja ára var þar af leiðandi fækkun um 8%.




Mynd 2. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir aldri árið 2005

Hér fyrir neðan má sjá flokkun á fjárhagsaðstoð eftir aldri og fjölskyldustöðu umsækjenda árin 2005 og 2006. Heimildir voru teknar úr ársskýrslum Reykjavíkurborgar á árunum 2005 og 2006. Eins og sjá má var ungt fólk á aldrinum 20-29 ára í talsverðum meirihluta þeirra sem sóttu um aðstoð. Bæði árin var hlutfall þessa hóps um 40%. Þetta rennir stoðum undir það að ungt fólk átti í talsverðum greiðsluerfiðleikum. Það hafði einnig verið að leita til félagsþjónustunnar og Ráðgjafarstofunnar í auknum mæli, þá sérstaklega tiltekinn aldur.



Mynd 3. Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar skipt eftir aldri

Ennfremur má sjá hvernig fjárhagsaðstoðin skiptist eftir fjölskyldustöðu einstaklinga. Einhleypir karlmenn voru í meirihluta umsækjenda fjárhagsaðstoðar eða rétt rúmlega 40% bæði árin. Fast á eftir fylgdu einstæðir foreldrar. Draga má þá ályktun að einstæðar mæður séu þarna í miklum meirihluta en þær hafa verið talsvert í umræðunni og verið einn stærsti hópur skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar vegna greiðsluerfiðleika. Mun minna hefur borið á einstæðum feðrum. Það sem var einkar athyglisvert var hlutfall einhleypra kvenna, það var í kringum 20% bæði árin. Þær hafa yfirleitt verið fámennasti hópur skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar þegar kemur að skuldaerfiðleikum. Hjón/pör með börn eða barnlaus voru ekki mörg en hlutfall þeirra var innan við 5% bæði árin.



Mynd 4. Fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar skipt eftir fjölskyldustöðu einstaklinga

Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg kveða á um að tekið skuli mið af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar, uppbótum og tekjutryggingu líkt og þær voru í mars 1995. Fjárhagsaðstoð skerðist um hálfu grunnupphæð eða kr. 26.798 fyrir einstakling og 48.237 krónur ef um hjón er að ræða og ef umsækjandi hafnar vinnu. Kostnaður vegna barna er greiddur í formi meðlaga, barnabóta og barnabótaauka þar sem við á. Til er ein undantekning sem nær til unglinga á aldrinum 16-18 ára sem búa enn heima og eru tekjulausir. Í tilvikum sem slíkum er gert ráð fyrir helming grunnupphæðar á mánuði kr. 26.798 til viðbótar við aðstoð fjölskyldunnar (Reykjavíkurborg, 2007).

Vert er að minnast á að sveitarfélög hafa beitt ólíkum aðferðum við útreikning aðstoðar til einstaklinga þrátt fyrir að þau eigi að fara eftir ákveðnu viðmiði. Árið 2000 var gerð rannsókn á því hvort að sveitarfélög færu eftir tilsettum reglugerðum og viðmiðum þegar kom var að því að veita fjárhagsaðstoð. Rannsóknarspurningin var hvort og þá í hve miklum mæli búseta hefði áhrif á upphæð fjárhagsaðstoðar.

Rannsóknin var með því sniði að send voru bréf sem innihéldu dæmi um mismunandi fjölskyldugerðir sem bjuggu einnig við ólíkar aðstæður. Sveitarfélögin voru beðin um að reikna út hvað hver fjölskylda ætti rétt á mikilli fjárhagsaðstoð. Svörunin var viðunandi, 44 af

89 sveitarfélögum svöruðu sem er 49,4% svarhlutfall (Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal, 2000).

Áhersla var lögð á það að dæmin væru í takt við nútímann og gætu þá átt sér stoð í raunveruleikanum en einnig að þau væru sem fjölbreytilegust til að fá fram sem mestar upplýsingar. Sum sveitarfélög spurðu þá nánar út í málsatvikin en alls ekki öll, það eitt og sér sýnir mismunandi vinnubrögð og nákvæmni hjá sveitarfélögum. Hér fyrir neðan má sjá brot af einu dæmi sem var sent inn.

Dæmi 1

Anna er einstæð móðir með tvö börn 7 og 3 ára. Yngra barnið er á dagheimili. Anna leigir á almennum markaði og greiðir kr. 45.000 í húsaleigu (fyrir utan hita og rafmagn). Hún er ekki í vinnu og á ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Í ofangreindu dæmi var megináherslan á það hvað stæði einstæðri móður án tekna til boða. Svörin sem komu frá sveitarfélögum voru mismunandi. Í ljós kom meðal annars að barnabætur hefðu átt að vera teknar með í reikninginn þar sem að flest sveitarfélög reikna það sem tekjur. Aftur á móti þá gerðu mjög fá sveitarfélög grein fyrir dagheimilisgjöldum og var þá gripið til þeirra ráða að láta barnið „hætta“ á dagheimilinu, þar af leiðandi var sá kostnaðarliður ekki tekinn með í útreikninga. Mikill munur var á fjárhæðum frá sveitarfélögum, hæsta aðstoðin nam kr. 93.602 og lægsta kr. 15.493. Mismunurinn var samtals 78.109 kr. Þessi mikli munur á fjárhæðum lá í því að sveitarfélagið sem greiddi lægst reiknaði allar bætur tengdar börnum sem tekjur og voru þær reiknaðar til frádráttar við framfærslugrunn. Sveitarfélagið sem hæst greiddi fór hina leiðina að málunum og reiknaði ekki bætur tengdar börnum sem frádrátt við framfærslugrunn (Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal, 2000).

Mun fleiri dæmi voru í rannsókninni, einungis er hér birt eitt til að sýna hversu mikill munur var á fjárhagsaðstoð milli sveitarfélaga. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að af þeim 44 sveitarfélögum sem tóku þátt í rannsókninni höfðu 39 þeirra sett sér einhverjar reglur um fjárhagsaðstoð. Einhver sveitarfélög tóku sérstaklega mið af því hvort að unglingar væru til heimilis og hækkaði þá upphæðin til aðstoðar. Nokkur sveitarfélög höfðu einungis tvo kvarða þ.e. einn fyrir einstaklinga og annan fyrir hjón eða sambúðarfólk. Þessi tilteknu sveitarfélög sniðgengu þá bætur sem barnafólk fá s.s. meðlag og fleira. Framfærslugrunnur tók mið af ýmsum kostnaði sem viðkemur rekstri heimilis s.s. húsnæðiskostnaði, síma,

rafmagni og heimilisbúnaði svo fátt sé nefnt. Þá voru einhver sveitarfélög sem ekki reiknuðu húsaleigu, hita, rafmagn o.fl. inn í framfærslugrunn heldur bættu honum við raunverulegu útgjöldin og hækkuðu þá framfærslugrunninn um samsvarandi upphæð. Leikskólagjöldin voru þá umreiknuð þannig að þau bættust við kvarðann eða inn í framfærslugrunninn (Sama heimild).

Ákveðið samræmi var milli meðferðar tekna í sveitarfélögunum þegar samsetning fjárhagsaðstoðar var skoðuð. Þegar bætur sem viðkomu börnum voru skoðaðar kom í ljós að þær voru meðhöndlaðar með mismunandi hætti, það sama var uppi á teningnum í sambandi við húsaleigubætur. Flest sveitarfélögin reiknuðu þó lífeyrisgreiðslur til tekna (Sama heimild). Ennfremur leiddu niðurstöður skýrt í ljós að búseta hafði töluverð áhrif á upphæð aðstoðar. Þó svo að meirihluti sveitarfélaganna hafi tekið mið af framfærslugrunni á upphæðum sem Tryggingarstofnun ríkisins hafði sett þá var mjög misjafnt hvaða tekjur voru teknar til frádráttar og til hvaða útgjaldaliða var tekið sérstakt tillit til. Einstaklingur sem leitaði eftir aðstoð átti rétt á mismunandi fjárhæðum eftir því hvar lögheimili hans var (sama heimild).

3.2 Úrskurðarnefnd félagsþjónustu

Í 63. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kemur fram að málsaðili eigi rétt á því að áfrýja ákvörðun félagsþjónustu sveitarfélaganna til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu sbr. 64. gr. laganna. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð stofnun og því ekki sett undir neinn ráðherra. Nefndin er skipuð þremur lögfræðingum, einum tilnefndum af Hæstarétti Íslands, öðrum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þeim þriðja af félagsmálaráðherra. Nefndinni ber að úrskurða í málinu innan þriggja mánaða frá því að kæra berst en ákvörðun félagsþjónustunnar frestar ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar nema nefndin ákveði annað. Nefndin fjallar um málsmeðferð, rétt málsaðila til aðstoðar, hvort ákvörðun félagsþjónustunnar sé í samræmi við reglur viðkomandi sveitarfélags og greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann sbr. 64. gr. laganna.

(Lög um félagsþjónustu sveitarfélaganna, Félagsmálaráðuneytið, e.d.-a).

3.3 Viðtal við Kjartan G. Ingvason fjármálaráðgjafa

Kjartan G. Ingvason starfar sem fjármálaráðgjafi hjá Miðgarði, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness. Tilgangur starfs hans er að sinna greiningu, ráðgjöf og eftirfylgni vegna fjármála einstaklinga. Hann sinnir umsóknum um fjárhagsaðstoð samhliða félagsráðgjöfum í Miðgarði, auk þess að veita fjármálaráðgjöf til fólks sem þess óskar. Tilgangur alls starfs þar er að koma fólki til sjálfshjálpar svo það öðlist aftur virðingu í samfélaginu.

Það eru tveir hópar fólks sem koma til Kjartans, annars vegar þeir sem hafa tekjur og hins vegar hinir sem ekki hafa tekjur. Fólk sem kemur til Kjartans í fjármálaráðgjöf eingöngu, er fólk með tekjur sem er komið í greiðsluþrot. Þetta eru yfirleitt lágtekjufólk, með tekjur rétt fyrir ofan viðmiðunarmörk sem eru í dag kr. 99.329 fyrir einstakling og kr. 158.925 fyrir hjón og fólk í skráðri sambúð. Fólk á örorkubótum er stór hluti þessa hóps. Stór vandi þessa fólks eru skammtímaskuldir og gjaldfallnar neysluskuldir. Þótt tekjulágar fjölskyldur og einstaklingar hafi stuðning af vaxtabótum og af húsaleigubótum er það oft í miklum vanda sem endar með því að fólk gefst upp og hættir að horfast í augu við peningavandræðin og hættir að opna gluggaumslögin sín. Þá er það algengt að einstaklingar séu ekki að forgangsraða greiðslum eftir greiðslugetu. Grunnþarfir sem tryggja félagslegt öryggi verður að sinna og greiðslur tengdar því verða að ganga fyrir öðrum útgjöldum. Það verður að greiða húsnæðiskostnað, afborganir leigu, rafmagn og hita og sinna lágmarksframfærsluþörf. (Sjá neysluviðmið í viðauka) Ef fólk er með aðrar skuldir er ekki hægt að borga þær ef þú átt bara fyrir grunnþörfunum. Stærsti hluti þess fólks er leitar eftir fjárhagslegum stuðningi í Miðgarði er fólk sem ekki hefur greiðslugetu umfram þessar grunnþarfir og oft duga tekjur ekki einu sinni til að sinna þeim. Fólk er oft orðið ráðvillt og í ráðaleysi greiðir það hluti sem það á ekki að vera að borga í þessari stöðu. Ef fólk er með bankaskuldir eru ábyrgðarmenn oft foreldrar eða nánir ættingjar og vinir og skiljanlega vill fólk ekki láta lánin falla og valda þessum aðilum fjárhagslegu tjóni. Það er því mjög erfitt að segja fólki hvaða úrræði eru í stöðunni ef ekki er hægt að semja við lánadrottna um breytta greiðsluskilmála og lægri greiðslubyrði. Oftar en ekki er viðkomandi á vanskilaskrá og í þeirri stöðu verða allir samningar mjög erfiðir ef bankinn eða fjármálafyrirtækið sér möguleika á að gjaldfella skuldina á ábyrgðarmann sem hugsanlega á eignir sem hægt er að ganga að. Löng starfsreynsla Kjartans sem bankastarfsmanns auðveldar greiningu á vandanum og hjálpar til við að koma á beingreiðslum

og nýjum lánasamning. Annað úrræði sem Reykjavíkurborg hefur er að bjóða fólki að fara á fjármálanámskeið þar sem tilgangur þess er að fá fólk til að horfast í augu við vandann en ekki að loka sig frá honum. Kjartan er einnig tengiliður Miðgarðs við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem hann telur mikilvæga stofnun. Það er í eigu bankanna og opinberra aðila og þar býðst fólki nákvæm greining á skuldastöðu sinni ásamt tillögum að úrræðum ef nákvæmar tekjuupplýsingar liggja fyrir. Samvinna við starfsfólk þar er nauðsyn allri félagþjónustu þar sem þar er aðgangur að fjárhagsupplýsingum sem annars er ekki leyfilegt að veita öðrum vegna reglna um persónuvernd.

Kjartan segir að margt ungt fólk í dag hafi rangar hugmyndir gagnvart öllu verðmætamati. Það freistist gjarnan til að elta gylliboð fjármálastofnana mjög ungt og oft áður en það verður fjárráða og endi uppi með kreditkorta skuldir og yfirdrátt löngu áður en það stofnar heimili. Oft á tíðum er um að ræða ungmenni frá góðum heimilum, sem aldrei hefur skort neitt og hafa litla tilsögn fengið úr heimagarði um ráðdeild og sparnað. Þau hafa oft lítið verðskyn og finnst ekkert tiltökumál að kaupa sér hluti hugsunarlaust, án þess að spá í það hvað það kostar að eignast hlutina. Það er mjög sorglegt að sjá fólk komið í vanda áður en það byrjar lífið og þá er útlitið ekki bjart framundan. Það er allt eins rétt að líta á þennan hóp sem fórnarlömb neyslu þjóðarinnar. Þar sem hugsunin er oft sú að ekki sé tiltökumál að taka fullt lán fyrir hlutum sem eiga skamman líftíma s.s. bílum innbúi eða annarri almennri daglegri neyslu er regla frekar en undantekning hjá fólki sem leitar til Kjartans vegna fjárhagsvanda síns segir hann.

Kjartan telur að þörf sé á meiri ráðgjöf og fræðslu um fjármál fyrir unglinga frá 6. og upp í 10. bekk. Þetta þyrfti að byrja áður en þau fermast þar sem að oft fá þau mikla peninga í fermingargjöf. Þetta ætti að vera hluti af námskrá Menntamálaráðuneytisins. Það er mikið fræðsluefni til um fjármál og auðvelt ætti að vera að tengja skýr dæmi til þessa aldurhóps sem oft er komin með góða heildarsýn á umhverfi sínu. Samvinna við aðila vinnumarkaðarins væri góður grunnur þar sem fræðsla um réttindi og skyldur ættu að fylgja þessu námi.

Kjartan segir að áður fyrr hafi verið í gangi umdeild löggjöf um skyldusparnað ungs fólks. Fólk fékk hluta af launum sínum greitt í sparimerkjum sem voru ígildi ákveðinna fjárhæða. Síðan var farið með sérstakar bækur með límdum sparimerkjum og lagt inn á verðtryggðan sparireikning í vörslu veðdeildar Landsbanka Íslands sem sá um afgreiðslu húsnæðislána. Síðan þegar einstaklingur hafði náð 25 ára aldri eða var að stofna heimili fékk hann aðgang að þessu sparifé. Þetta þætti ef til vill óþarfa forsjárhyggja í dag en var þó í mínu tilviki nægjanleg greiðsla fyrir útborgun í minni fyrstu íbúð segir Kjartan. Í dag á ungt fólk oft en ekki nægilegan sparnað til að standast greiðslumat fyrir fyrstu íbúðakaupunum.

Svipað kerfi og skyldusparnaðurinn er valkostur sem Kjartan telur að eigi að taka upp aftur. Þessi sparnaður ætti að vera á bestu kjörum verðtryggðra innlána með ríkisábyrgð og gæti verið eins og var áður hluti af grunni húsnæðislána í landinu. Hann telur að það myndi efla verðskyn og auðvelda ungu fólki að stofna heimili.

Kjartan finnst einnig að lítil uppfræðsla sé í þjóðfélaginu, t.d. er lítið verið að segja fólki hvað það er að ávinna sér með lífeyrissparnaði. Ungt fólk á erfitt með að ímynda sér ævisparnað og veltir því lítið fyrir sér hvaða kosti það hefur í för með sér að hafa aðgang að góðum lífeyrisgreiðslum við starfslok. Neysluáreiti í þjóðfélaginu er mikið og því tekur það langan tíma að koma þeirri hugsun inn að maður eigi ekki að eyða meiru en aflað er. Þetta krefst breyttrar hugsunar kannski hjá þjóðinni allri og því farsælast að hefja sóknina hjá ungum einstaklingum sem kannski í dag eru að horfa á fjárhagslegt hrun í samfélaginu. Kjartan ráðleggur ungu fólki í dag að setjast á skólabeck því það sé besta fjárfestingin. Samhliða því þarf að kenna fólki ný viðmið í sambandi við peninga og verðmæti ætti ungt fólk að mennta sig til að auka tekjumöguleika og tækifæri til að finna sér starfsvettvang sem hentar hverjum og einum.

Kjartan lítur til finnsku kreppunnar sem var í kringum hrun Sovétríkjanna, á árunum 1990-1995. Þá brugðust Finnsk stjórnvöld þannig við það þau vörðu miklum fjármunum í menntakerfið. Þar sáu stjórnvöld að besta ráðið fyrir þjóðina í heild var að auka menntunarstig hennar. Það myndi veita ungu fólki fleiri tækifæri auk þess sem verðmætasköpun í samfélaginu ykist með hátækni og öflugu þekkingarsamfélagi.

Kjartan segir að ráðdeild er lykilatriði hér, ala börnin okkar upp til að spara og vera hagsýn (Kjartan G. Ingvason, munnleg heimild, 7. október 2008).

3.4. Fjármálanámskeið Hins hússins

Hitt húsið hefur nýlega sett á stofn fjármálanámskeið fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Þetta er tilraunaverkefni og eru aðilar að námskeiðinu Hitt Húsið, Neytendasamtökin og Reykjavíkurborg. Námskeiðið ber nafnið Klár í kreppu og er fyrir ungt fólk sem þarf fræðslu og aðstoð við að komast út úr fjárhagserfiðleikum sínum og einnig fyrir þá sem vilja fræðast meira um fjármál. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist færni við að stjórna eigin fjármálum og öðlist góða yfirsýn um fjármálin sín.

Námskeiðið kostar ekkert fyrir þátttakendur og er alls óháð fjármálafyrirtækjum. Námskeiðið telur fjögur skipti og er tvo tíma í senn. Námsefni námskeiðsins er Fjármála og –

neytendafræðslan Fjárinn sem er persónulegt bókhaldsforrit, kennslubók og sérútbúnaðar reiknivélar. Allir þátttakendur í námskeiðinu fá gefins tölvukubb sem hefur að geyma námsefnið. Fyrir utan það að vera bókhaldsforrit þá er Fjárinn kennslubók þar sem hægt er að fletta upp hugtökum tengdum fjármálum og reiknivélar. Þetta námsefni er ætlað til kennslu í Lífsleikni á framhaldsskólastigi. Námskeiðið er ekki persónuleg ráðgjöf fyrir hvern og einn heldur fyrst og fremst hugsuð sem fræðsla en að sjálfsögðu bregst kennari námskeiðisins vel við öllum spurningum og reynir eftir fremsta megni að gefa góð ráð. Námskeiðið miðast við þarfir ungs fólks og í kennslubókinni er að finna kafla um vinnumarkaðinn, laun, launaseðla og launatengd gjöld. Skattframtal, gengi gjaldmiðla, gengisvísitala, tryggingar og fleiri hugtök eru útskýrð vel og eru í lok hvers kafla spurningar um efni kaflans. Kennslubókin er 38 blaðsíður að lengd og skiptist í 6 kafla.

Annar höfundur Fjárans, Ragnhildur Guðjónsdóttir sér um námskeiðið. Ragnhildur er framhaldsskólakennari og varaformaður Neytendasamtakanna. Nú þegar hafa verið haldin tvö námskeið þar sem 50 manns sátu hvort námskeiðið fyrir sig og býst verkefnastjóri Hins hússins, Jón Heiðar Gunnarsson, við að námskeiðunum verði haldið áfram vegna mikillar eftirspurnar. Lokað var fyrir skráningu þegar 100 manns höfðu skráð sig á fyrsta námskeiðið strax fjórum klukkutímum eftir að opnað var fyrir skráningu. Mun færri komust að en vildu og var fyrsta námskeiðinu skipt í tvennt til að koma til móts við aðsóknina. Hann telur þennan mikla áhuga vera skýrt merki um þá þörf sem ríkir fyrir slíka fræðslu hjá ungu fólki í samfélaginu og þær fjörlegu umræður sem fram fóru á námskeiðinu báru einnig vott um þennan mikla áhuga.

Þar sem námskeiðið er nýafstaðið og verkefnið nýtt af nálinni hefur ekki verið gert mat á árangri námskeiðsins og ekki er nein eftirfylgni eftir að námskeiðinu lýkur.

Jón Heiðar Gunnarsson segir að ráðist hafi verið í þetta námskeið til að mæta breyttum samfélagsaðstæðum eftir hrún bankanna í október 2008. Í framhaldi að þessu námskeiði í nóvember 2008 hafa bæjarfélög um allt land sett sig í samband við Hitt húsið og lýst yfir áhuga á að fá námskeiðið í sína heimabyggð (Hitt húsið, e.d., munnleg heimild Jón Heiðar Gunnarsson, 5 janúar 2009).

3.5. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna er samstarfsverkefni sem veitir einstaklingum og fjölskyldum sem eiga í miklum fjárhagsvanda endurgjaldslausu ráðgjöf. Ráðgjafarstofan var

stofnuð árið 1996 og var tilraunaverkefni á ábyrgð félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Verkefni þetta hefur gefið góða raun og samkomulag hefur verið framlengt til desember 2012. Ráðgjafarstofan var stofnuð af félagsmálaráðuneytinu ásamt fleiri aðilum og fær framlög til sín í dag frá 16 aðilum en félagsmálaráðuneytið kostar hana að hluta. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur árin 1998 og 2004 lagt viðhorfskönnun fyrir viðskiptavinum Ráðgjafarstofunnar og þannig metið árangur hennar (Hildur Björk Svavarsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2004).

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar er að veita fólki í miklum fjárhagsvandræðum ráðgjöf og aðstoð við að velja úrræði, t.d. með því að gera greiðsluáætlanir, aðstoða fólk við að semja við lánardrottna, hjálpa fólki að fá heildarsýn yfir fjármál sín og veita fólki hjálp til sjálfshjálpar. Einnig að vinna að fræðslu fyrir almenning í því skyni að fyrirbyggja greiðsluferfiðleika fólks. Styrkleiki Ráðgjafarstofunnar er náið samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga og þá lánardrottna sem koma að skuldum fólks svo ráðgjöfin og aðgerðirnar við að leysa vandamál fólks verði markvissari og samkvæmt bestu þekkingu (Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna, e.d.-a.; Ráðgjafarstofan e.d.-b.; Ráðgjafarstofan e.d.-c).

Ráðgjafarstofan á í samstarfi við 16 aðila sem koma að rekstri stofunnar og þeir eru í réttri röð: Félagsmálaráðuneytið, Íbúðalánasjóður, Reykjavíkurborg, Kaupþing banki hf., Nýi Glitnir hf., NBI hf, Samband íslenskra sparisjóða, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kópavogsbær, Þjóðkirkjan, Landssamtök lífeyrissjóða, Kreditkort hf., Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og Rauði kross Íslands.

Í framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofunnar sitja fulltrúar frá samstarfsaðilum. Einn fulltrúi kemur frá Félagsmálaráðuneytinu, einn frá Reykjavíkurborg, einn frá Íbúðalánasjóði og tveir fulltrúar frá fjármálafyrirtækjum sem eru tilnefndir af Samtökum fjármálafyrirtækja. Ráðgjafarstofan heldur ársfundi og gefur út ársskýrslu hvers árs fyrir aðila samkomulagsins (Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna e.d.-c.).

Tillögur frá Ráðgjafarstofunni í ársskýrslu 2007 um úrbætur vegna greiðsluferfiðleika heimila eru tólf og eru þær eftirfarandi:

1. Mjög mikilvægt er að hvetja almenning til reglubundins sparnaðar til að eiga varasjóð ef veikindi koma upp á. Það er oft á þeim tímum sem skuldirnar vaxa hvað mest og má ekkert óvænt koma upp á til að allt fari úr skorðum.

2. Offjárfestingar þar sem tekin eru lán umfram efni er stór hluti af greiðsluferfiðleikum fólks og er nauðsynlegt að fyrirbyggja slíkt með fræðslu til almennings um kostnað lántöku og afleiðingar þess að lenda í vanskilum.

3. Neysluviðmiðun er notuð til að áætla lágmarksframfærslukostnað. Mikilvægt er að vinna að því að hafa neysluviðmiðun sem réttasta svo að lágmarksframfærslukostnaður sé alltaf öruggur við úrvinnslu greiðsluferfiðleika fólks.

4. Ráðgjafarstofan vill gera þá tillögu að láta ekki draga barnabætur frá skattskuldum fólks og eins að láta ekki draga úr tekjutengingu barnabótanna.

5. Stimpilgjöld gera þeim sem eiga í greiðsluferfiðleikum oft mjög erfitt fyrir vegna skuldbreytinga á lánum svo Ráðgjafarstofan vill að fólk eigi möguleika á undanþágu frá stimpilgjöldum vegna lágra tekna, eða láta afnema stimpilgjöldin alfarið.

6. Ráðgjafarstofan bendir á þá staðreynd að leikskólagjöld eru almennt hærri en meðlagsgreiðslur. Stofan vill halda áfram umræðum um að lækka opinber gjöld á vörum og þjónustu fyrir börn.

7. Ráðgjafarstofan verður mikið vör við að skattayfirvöld geta samkvæmt lögum tekið 75% af launatekjum þeirra sem skulda opinber gjöld. Einstaklingar verða að fá að halda ákveðnum hluta launa sinna og lágmarksframfærslu meðan fólkið er að reyna að leysa úr málunum. Eins telur Ráðgjafarstofan að með því að einfalda skattkerfið muni í kjölfarið draga úr vanskilum á opinberum gjöldum.

8. Ráðgjafarstofan leggur til að löggjöf varðandi greiðsluaðlögun verði sett fyrir þá sem eiga í greiðsluferfiðleikum hvað varðar úrræði, því þeir verða að geta framfleytt sér og sínum.

9. Neyslavitund fólks og ábyrgð einstaklinga á eigin neysluhegðun ber að halda hátt á lofti í umræðunni. Ef neytendur eru virkir þá hefur það góð áhrif á verðbólgu og eyðslu heimilanna.

10. Upphæðir húsaleigubóta hafa ekki haldist í hendur við verðlagsþróun. Þar sem stór hluti af fólki sem leitar til Ráðgjafarstofunnar eru leigjendur myndi það bæta mikið að hækka þessar bætur í takt við tímann.

11. Ráðgjafarstofan telur mikilvægt að núverandi skattkerfi verði endurskoðað og einfaldað svo dragi megi úr vanskilum á opinberum gjöldum.

12. Mikilvægt er fyrir lánveitendur að hafa yfirlit yfir allar lánaskuldbindingar einstaklinga, þegar kemur til skulda eða breytinga á skilmálum (Ráðgjafarstofan, 2006).

3.5.1 Fræðsla og forvarnir

Meðal verkefna Ráðgjafarstofunnar er fræðsla um fjármál og hefur m.a. verið fræðsla í Iðnskólanum í Reykjavík þar sem starfsmenn Ráðgjafarstofu fara inn í tíma í lífsleikni og halda fyrirlestra m.a. fyrir ungt fólk um fjármál, skuldir, lántökur, ábyrgðir og fleira. Það er mikilvægt að byrja snemma á að fræða ungt fólk og byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Fræðslan er því mjög mikilvæg og ekki síst vegna þess að viðskiptavinir Ráðgjafarstofunnar verða sífellt yngri og vankunnátta getur oft verið ástæðan fyrir greiðsluferfiðleikum. Nemendur fá kennslubók sem nefnist *Lífsbrautin* og er útgáfa sem er enn á tilraunastigi. Einn kaflinn er um fjármál og kom Ráðgjafarstofan að gerð námsefnisins. Þar er farið í fjárhagsáætlun og heimilisbókhald, reynt er að kenna fjármálalæsi og leiðbeina nemendum um fjármál. Nemendur eru hvattir til þess að eiga varasjóð, fjallað er um hvað felst í því að taka lán og að gangast í ábyrgðir fyrir aðra, hvað gerist ef lán er ekki greitt og fleiri ráð sem þarf að kynna fyrir ungu fólki til að það geti varast hættunar og verið meðvitað um fjármálaákvörðanir sínar (Páll V. Sigurðsson og Sigurjóna Jónsdóttir, 2007).

Ráðgjafarstofan vill með þessu reyna að leggja áherslu á kennslu í fjármálum í samvinnu við framhaldsskólana. Starfsmönnum Ráðgjafarstofunnar finnst þekking fólks á fjármálum ábótavant þá einkum hjá unga fólkinu. Það kom einnig fram í viðtali við starfsmann Ráðgjafarstofunnar Elnu Sigrúnu Sigurðardóttur, að sem dæmi að margir hverjir hafa ekki grundvallarþekkingu á hugtökum eins og opinberum gjöldum. Þá þurfa starfsmenn að byrja á að fræða viðskiptavinum um tiltekin atriði (Elna Sigrún Sigurðardóttir, munnleg heimild, 28. mars 2008).

3.6 Fyrri rannsóknir um mat og árangur Ráðgjafarstofunnar

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði viðhorfskönnun hjá neytendum þjónustu Ráðgjafarstofunnar um fjármál heimilanna árin 1998 og 2004. Þar er verið að skoða og meta árangur Ráðgjafarstofunnar. Árið 1998 svöruðu 368 manns og 2004 svöruðu 540 manns en 1000 var sent bréf með beiðni um þátttöku.

Árið 2004 segja 66% neytenda að aðstoðin hafi hjálpað þeim við fjárhagsvandann og sama hlutfall fólks var mjög ánægt eða ánægt með ráðgjöfina. Þegar rætt var við viðskiptavinina hafði rúmlega helmingur viðmælenda náð tókum á skuldasöfnun sinni og fóru þeir eftir því sem þeim hafði verið ráðlagt að mestu eða öllu leyti. Um 80% þeirra sem talað

var við myndu ráðleggja öðrum að leita til Ráðgjafarstofunnar og fleiri töldu í könnunni 2004 en 1998 að þeir myndu leita aftur til Ráðgjafarstofunnar til aðstoðar, frekar en bankans sem þeir skiptu við, ef þeir lentu á ný í erfiðleikum. 66% svarenda sögðust hafa leitað til Ráðgjafarstofunnar að eigin frumkvæði og 17% að frumkvæði félagsþjónustu sveitarfélags. 19% þátttakenda yngri en 30 ára töldu að of mikil eyðsla væri vandamálið og var það hlutfall tölfræðilega marktækt hærra en hinna aldurshópanna

Þar kom í ljós að þeir tekjulægstu töldu að veikindi og slys væru oftast ástæðan fyrir greiðsluerfiðleikum en að þeir hefðu eytt umfram tekjur en þeir tekjuhærri sögðu að ástæða þeirra vanda væri of mikil eyðsla. Langflestir fóru eftir ráðgjöfinni, 25% fóru eftir henni að öllu leyti, 29% fóru eftir henni að miklu leyti 19% sögðust hafa farið eftir henni að nokkru leyti og töldu hana hafa leyst vandann að mestu en 26% fóru ekki eftir þeim ráðleggingum sem þeir fengu.

Af þessum 66% sem fannst ráðgjöfin hafa gagnast þeim er hægt að greina í nákvæmari svör, þau skiptast niður í 6 flokka; 36% þátttakenda fannst þeir hafa fengið betri yfirsýn yfir fjármálin, 34% fannst þeir hafa fengið leiðbeiningar um hvernig þeir geta leyst fjárhagsvandann, 15% segja að það að leita til Ráðgjafarstofunnar hafi auðveldað samninga við lánardrottna, 10% sögðust geta betur leyst úr vandanum sjálfir og 5% fannst gott að geta talað við einhvern um fjárhagsvandann. Í ráðgjöfinni fékk fólk til dæmis ráð um skattamál og fræðslu um rétt þeirra og úrræði sem það vissi ekki fyrir. Þeir aðilar sem ekki fóru eftir ráðgjöfinni og voru ekki ánægðir með hana nefndu helst að þeir hefðu verið ósáttir við þau úrræði sem nefnd voru í ráðgjöfinni. Þessi 34% gáfu eftirfarandi ástæður upp: 47% sögðust ekki vera sáttir við úrlausnir sem Ráðgjafarstofan kom með, 12% sagði ráðgjafana ekki hafa sýnt nægilegan skilning á fjárhagsvanda sínum, 8% sagðist ekki hafa fengið ráðleggingar. 7% sögðu að lausnin gengi ekki upp, 6% sögðu að of mikil vandamál hefuri verið fyrir og 6% töldu ráðgjafana ekki hafa haft nægilega þekkingu til að veita fjármálaráðgjöf. Af hópnum sem fannst ráðgjöfin ekki skila árangri, var nokkuð hátt hlutfall sem leituðu ekki til Ráðgjafarstofunnar að eigin frumkvæði heldur félagsþjónustunnar. Þegar spurt var hvort sú fræðsla sem fengin var hjá Ráðgjafarstofunni hefði komið í veg fyrir frekari skuldasöfnun þá svöruðu 57% játandi meðan 43% svöruðu neitandi. (Hildur Björk Svavarsdóttir, 2004).

IV. hluti

4. Aðferð, framkvæmd og niðurstöður

Hér verða birtar niðurstöður úr rannsókn á ungu fólks á aldrinum 21-30 ára sem leitaði til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna árin 2005 og 2006 vegna greiðsluferfiðleika. Markmiðið með rannsókninni er að gera grein fyrir helstu ástæðum bágs efnahags ungs fólks og sjá hvort að munur væri á þjóðfélagsstöðu einstaklinga. Tilgangurinn með rannsókninni var að athuga hvað það væri sem olli því að ungt fólk sem var að hefja sitt líf átti í fjárhagslegum vandræðum.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hafði óskað eftir tilteknu verkefni sem fólst í að skoða hvað veldur því að hópur ungs fólks sem leitað hefur til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna hefur stækkað síðustu ár og ástæður þess. Ráðgjafarstofan útvegaði þar af leiðandi aðstöðu til úrvinnslu þess hjá þeim. Gagnabanki þeirra var notaður ásamt aðgangi að bókasafni eftir að tilkynning var send til Persónuverndar.

Verkefninu var hrint úr vör vorið 2008 og stóð það fram í nóvember sama ár. Unnið var með gögn sem voru í formi útfylltra umsókna frá skjólstæðingum Ráðgjafarstofunnar.

Úrtakið sem slíkt féll undir hentugleikaúrtak þar sem að allir umsækjendur á tilteknum aldri voru sjálfvaldir í úrtakið árin 2005 og 2006 (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 1996). Ekki þótti brýnt að taka með aldurinn 18-20 ára þar sem að mjög fáir á þeim aldri höfðu leitað til Ráðgjafarstofunnar, undir 10 einstaklingar samtals bæði árin.

Ákveðið var að taka fyrir aldurinn 21-30 ára vegna þess að hann var skuldsettasti hópur skjólstæðinga hjá Ráðgjafarstofunni árin 2005 og 2006.

Árið 2005 leituðu 158 einstaklingar á þessum aldri til Ráðgjafarstofu og árið 2006 voru þeir 171, sem þýddi 8,2% aukning á milli áranna. Ekki var hægt að fullyrða hvort að aukninguna sem slíka mátti rekja til vaxandi greiðsluferfiðleika ungs fólks eða þeirrar staðreyndar að Ráðgjafarstofan varð sýnilegri og meira áberandi með hverju ári vegna aukinnar fræðslu og vaxandi umræðu í þjóðfélaginu um skuldir heimilanna. Því til stuðnings má nefna að á síðasta ári 2007, voru 40 greinar eða fréttir um Ráðgjafarstofuna í fjölmiðlum.

Við rannsóknina var tölfræðiforritið SPSS notað. SPSS er öflugt reikniforrit til að vinna úr meginlegum gögnum. Þegar innslætti á gögnum í forritið SPSS var lokið voru fengnar upp tíðnitöflur um breyturnar sem snéru að fjölskyldustöðu, helstu ástæðum

greiðsluferfiðleika, atvinnu, búsetu, húsnæðisaðstöðu og vanskilum. Gröfin voru þó öll unnin í forritinu „excel“.

Rannsóknin var að mestu leyti meginleg fyrir utan tvö eigindleg viðtöl. Viðtölin voru tekin upp á segulband og afritað af böndunum yfir á tölvutækt form. Að því loknu hófst úrvinnsla og greining á viðtölunum. Viðtölin urðu til þess fallin að öðlast betri innsýn og djúpstæðari skilning á ástæðum greiðsluferfiðleika. Þar sem unnið var með gögn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna fannst okkur liggja beint við að taka viðtal við einn starfsmann sem hefur verið í beinum samskiptum við viðskiptavinina og hefur áralanga reynslu. Hann gaf okkur meiri innsýn inn í stöðu viðskiptavinanna heldur en kom fram á umsóknunum sem unnið var úr. Einnig ákváðum við að taka viðtal við fjármálaráðgjafa sem starfar á Þjónustumiðstöð sem er undir stjórn Velferðasviðs Reykjavíkurborgar. Markmið með viðtalinu var að fá betri sýn á íslenskan raunveruleika og ræða við þá sem reynslu og þekkingu hafa á þessum starfsvettvangi.

Annmarkanir á rannsókninni voru þær að Ráðgjafarstofan var með staðlaða svarmöguleika yfir helstu ástæður greiðsluferfiðleika þar sem að ástæðan „annað“ var einn valmöguleiki þegar einstaklingum fannst engar aðrar orsakir eiga við. Ekkert var nánar skilgreint hvað fólst í þessum tiltekna valmöguleika. Hægt hefði verið að hafa þennan svarmöguleika opinn og gefa fólki þannig kost á að skrifa hvað fælist í tilteknu svari.

Eins og áður kom fram var rannsóknin að mestu meginleg og hún leggur fyrst og fremst áherslu á að úrtakið nái að endurspegla vel þýðið.

Markmiðið með úrtakinu og eiginleika þess er að fá að vita eitthvað um þýðið. Úrtak þarf að vera góður fulltrúi þýðis (Burns, 2005). Þýðið í þessu tilviki var allt ungt fólk á Íslandi á aldrinum 21-30 ára og úrtakið þá ungt fólk sem leitaði til Ráðgjafarstofunnar á aldrinum 21-30 ára.

Þar sem að úrtakið var einungis komið frá Ráðgjafarstofunni þótti erfitt að yfirfæra niðurstöður yfir á allt ungt fólk hérlendis sem á í greiðsluferfiðleikum. Ekki var vitað hversu margir á aldrinum 21-30 ára eiga í greiðsluferfiðleikum nema út frá tilteknum hópi sem leitar til Ráðgjafarstofunnar. Sá hópur var 0,4% árin 2005 og 2006 af heildarfjölda ungs fólks á tilteknum aldri.

Rannsókninni var sniðinn þröngur stakkur, engu að síður gaf hún okkur vísendingar um skuldaerfiðleika ungs fólks hérlendis.


4.2 Fjölskyldustaða einstaklinga

Einstæðar mæður voru í meirihluta þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar vegna greiðsluferfiðleika bæði árin eða 39,2% árið 2005 og 33,3% árið 2006. Þó hafði þeim fækkað árið 2006 um 5,9% frá árinu 2005.

Þess ber að geta að einstæðar mæður hafa verið stærsti hópur skjólstæðinga hjá Ráðgjafarstofunni síðastliðin ár. Árið 2005 voru þær 34,2% allra skjólstæðinga óháð aldri og ári síðar voru þær 35% (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2006). Þetta gaf þó nokkrar vísbendingar um fjárhagslega stöðu þessa hóps í samfélaginu. Þörf er á að kanna aðstæður hjá einstæðum mæðrum til hlítar þar sem að bæði árin voru þær rúm 30% skjólstæðinga. Þó hlýtur það að teljast til jákvæðrar þróunar ef hlutfall þeirra fer minnkandi á aldrinum 21-30 ára.

Einstæðar mæður voru 6,53% af þjóðinni árið 2005 og 6,4% árið 2006 (Hagstofa, 2008).

Einhleypir karlar voru næst fjölmennasti hópurinn árið 2005 en árið 2006 voru hjón með börn orðin næst fjölmennasti hópurinn. Hlutfall hjóna með börn jókst um 9,7% milli ára meðan nær engin breyting átti sér stað á fjölda einhleypra karla. (sjá mynd 5). Væri einkar fróðlegt að vita hversu mörg prósent af einhleypum körlum á aldrinum 21-30 skulduðu meðlög þar sem að 32,2% einhleypra karla sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar árið 2006 voru í miklum vanskilum vegna meðlagsgreiðslna. Upphæðirnar námu frá 10.000 kr. til allt að rúmlega 10.000.000 kr. Sem dæmi má taka að árið 2006 skulduðu einhleypir karlar sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar 1.972.400 kr. að meðaltali í meðlög, óháð aldri (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2006).



Mynd 5. Fjölskyldustaða þeirra sem leituðu til Ráðgjafastofunnar á aldrinum 21-30 ára

4.3 Helstu ástæður greiðsluferfiðleika

Viðskiptavinir Ráðgjafarstofunnar voru beðnir um að nefna helstu ástæður greiðsluferfiðleika og nefndu þeir gjarnan fleiri en eina ástæðu fyrir vanda sínum. Af þeim orsökum fór hlutfallið vel yfir 100%.

Árið 2005 höfðu 34,2% viðskiptavina nefnt veikindi sem ástæðu, ári síðar var hlutfallið enn mjög hátt eða 32,2%. Brýna þarf fyrir almenningi hversu mikilvægur reglubundin sparnaður er auk mikilvægi þess að vera vel tryggður fyrir áföllum sem slíkum. Fæstir voru sjúkdómstryggðir eða áttu einhvern varasjóð þegar á reyndi.

Árið 2006 var vankunnátta í fjármálum stærsta ástæða fjárhagsörðugleika, hlutfallið fór upp í 38,6%. Vankunnátta hafði þá aukist um 13,3% milli ára. Offjárfesting var einnig mjög há eða 31,6% og hafði einnig aukist um 11,3% frá árinu 2005.

Umframeyðsla sem var fjármögnuð með lántökum var rík ástæða greiðsluferfiðleika hjá ungu fólki (Ráðgjafarstofan, 2006).

Þegar tíðni offjárfestingar og vankunnáttu var lögð saman þá fór hún upp í 45,6% árið 2005 og 70,2% árið 2006. Þá hafði meiri en helmingur skjólstæðinga borið við vankunnáttu eða offjárfestingu sem ástæða greiðsluferfiðleika árið 2006.

Að mati höfunda haldast vankunnátta og offjárfering í hendur, ef einstaklingar eyða umfram efni er fjármálalæsi ábótavant hjá tilteknum hópi. Þó svo að dregið hafi úr ástæðunni sem féll undir „annað“ þá voru samt sem áður 24,7% skjólstaðinga sem höfðu valið það árið 2006. Til að fá betri innsýn og dýpt í helstu ástæður og hvað flokkaðist undir „annað“ var tekið eigindlegt viðtal við starfsmann Ráðgjafarstofunnar. Markmiðið með slíku viðtali var að fá hennar sýn á aðstæður fólks þar sem að vinna hennar er meðal annars fólgin í að greina ástæður greiðsluvanda.

4.3.1 Viðtal við starfsmann Ráðgjafarstofunnar

Elna Sigrún Sigurðardóttir hefur starfað hjá Ráðgjafarstofunni í 7 ár. Hún nefndi að algengt væri að ungt fólk sem leiti til þeirra með fjárhagsvandráði sé vant að fá allt upp í hendurnar og neiti sér ekki um neitt. Þessir einstaklingar séu gjarnan með margar raðgreiðslur í gangi þar sem keyptur hafði verið húsbúnaður, tölvur eða utanlandsferðir svo dæmi séu tekin. Þá hafði það ekki vílað fyrir sér að kaupa hluti á raðgreiðslum ef því bar að skipta. Hún taldi ungt fólk oft og tíðum ekki átta sig á því að það þyrfti að borga af þessu öllu saman að lokum. Elna talaði um mikilvægi þess að hugarfarsbreyting ætti sér stað hjá ungu fólki í dag. Neysluhyggja ætti of mikinn þátt í lífi fólks og lífstílsþættir í sjónvarpi eins og t.d. Innlit/útlit gæfu rangar ímyndir af því hvernig heimili almennings séu í raun og veru.

Ungt fólk getur verið áhrifagjarnt og ályktað að það sé glæsilegt inni hjá öllum. Því sé mikil samkeppni hjá fólki að eignast dýra og flotta hluti óháð því hvernig eigi að borga fyrir þá. Þegar rýnt var í ástæðuna „veikindi“ sem fólk gaf upp vegna fjárhagsvanda þá flokkaðist ýmislegt undir þann flokk. Þá mátti nefna hluti eins og örorku, áfengis- og fíkniefnaneyslu, þunglyndi og spilafíkn svo eitthvað sé nefnt. Elna nefndi þunglyndi sem tíða ástæðu hjá ungu fólki sem leitaði til þeirra.


Hvað varðar ástæður eins og spilafíkn og áfengissýki þá virtust það hafa verið mjög viðkvæmir málaflokkar og mjög lágt hlutfall ungs fólks viðurkenndi fyrir ráðgjafa að þeir ættu við slík vandamál að etja. Þó ber að nefna að þeir fáu sem töldu það vera rót vandans merktu með í „annað“. Elna talaði einnig um mikilvægi þess að leita sér hjálpar sem fyrst þegar komið væri í óefni í fjármálum. Fólk væri oft og tíðum að koma seint í ráðgjöf og það gerði starfsfólkinu enn erfiðara fyrir að leysa úr þeirra málefnum en ella. Hún sagðist finna fyrir mikilli vankunnáttu og litlu fjármálalæsi ungs fólks og undraði sig á því að okkar góða menntakerfi hér á landi skuli ekki ýta undir meiri fjármálafræðslu. Þá ber að nefna umfjöllun í fjölmiðlum um fjármál sem ekki hefur verið af skornum skammti en svo virðist sem unga

fólkið fylgdist lítið sem ekkert með því að mati Elnu. Nokkrir einhleypir karlar höfðu komið í ráðgjöf sem voru með dýra bíla á bílalánnum en þeir voru á framfærslu styrkja hjá félagsþjónustunni. Þegar þeim var bent á að losa sig við bílana og þar með bílalánin þá höfðu þeir þvertekið fyrir þann möguleika. Bíllinn virðist hafa verið einhvers konar stöðutákn. Það virtust margir halda að þeir væru ekkert í dag ef ekki væri fyrir dýru hlutina. Elna talaði um að fólk í dag hefði undantekningarlaust verið með kreditkortaskuldir og yfirdráttarheimildir sem voru oftast á hæstu vöxtum.

Aðspurð um það hvort hún hefði hitt suma einstaklinga oft, þá sagði hún nokkra koma í viðtal á nokkurra mánaða fresti. Hún upplifði það þannig að þeim þætti gott að koma og létta á áhyggjum sínum. Leitað væri eftir einhverri vissu um að það hefði verið aðhafst eitthvað í fjármálunum (Elna Sigrún Sigurðardóttir, munnleg heimild 28. mars 2008).

Skilnaður sem ástæða fjárhagsörðugleika hafði aukist um helming milli ára eða um 8,8%. Samkvæmt tölum Hagstofu voru 579 sambúðarslit skráð árið 2006 (Hagstofa, 2006). Tæp 5% þeirra leituðu því í kjölfarið til Ráðgjafarstofunnar.

Ábyrgðir sem orsök hafði dregist saman um 3,4% frá árinu. Ábyrgðir og annað eru einu orsakir sem hafa numið af milli ára.




Mynd 6. Helstu ástæður greiðsluferfiðleika

Þegar helstu ástæður greiðsluferfiðleika voru skoðaðar út frá fjölskyldustöðu einstaklinga (sjá mynd 7) voru það einhleypir karlar og einstæðar mæður sem höfðu oftast nefnt veikindi. Lítil munur var á þessum tveimur hópum árið 2005, einhleypir karlar voru einungis 3,7 prósentustigum hærri. Eins og áður kom fram voru einhleypir karlar stærsti hópur þeirra sem þáði fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg á aldrinum 21-30 ára. Ári síðar hafði einhleypum körlum fækkað um 11,2% meðan einstæðum mæðrum hafði fjölgað verulega eða um 10,5%.


Fjárhagsáhyggjur geta valdið langvarandi streitu sem getur komið niður á andlegri heilsu fólks. Má þar nefna kvíða, þunglyndi, svefnleysi og fleiri sálræna kvilla og getur þá líkamleg heilsa farið versnandi í kjölfarið (Landlæknir, 2007). Erfitt er að segja til um orsök eða afleiðingu, hvort veikindi komi í kjölfar greiðsluferfiðleika eða öfugt.

Næst á eftir komu hjón með börn og árið 2005 voru það 14,8% þeirra sem virtust hafa átt við einhver veikindi að stríða en ári síðar hafði hlutfallið hækkað um 3,4%. Einhleypar konur stóðu í stað frá árinu 2005-2006 og nam hlutfall þeirra um 13%. Veikindi sem ástæða greiðsluferfiðleika var mjög fátíð hjá barnlausum hjónum, einungis 5,5% árið 2005 og 1,8% árið 2006. Einungis einn einstæður faðir var í úrtakinu, það var árið 2006, og nefnir hann veikindi sem ástæðu fyrir sínum fjárhagsörðugleikum.




Mynd 7. Ástæða greiðsluferfiðleika. Veikindi skoðuð út frá fjölskyldustöðu

Þegar litið er á myndir 8 og 9 þá voru hjón með börn í stærstum hluta þeirra sem báru við vankunnáttu árið 2006 og offjárfestu bæði árin 2005 og 2006. Hlutfall einstæðra mæðra og einhleypa karla sem töldu vankunnáttu vera ástæðu greiðsluferfiðleika lækkaði frá árinu 2005 til 2006. Þó offjárfestu þessir tveir hópar í vaxandi mæli frá árinu 2005. Það sem er eftirtektarvert er hópurinn hjón með börn, þeim fjölgar verulega milli ára þegar kemur að vankunnáttu og mjög stór hluti þeirra offjárfestir bæði árin. Fjárfestingar umfram efni eru gjarnan fjármagnaðar með lántökum og rík ástæða skuldaerfiðleika. Eins og áður kom fram er fjármálafræðslu ábótavant og auk þess sem þarf að efla fræðslu til neytenda varðandi lántökur, kostnaði sem viðkemur láni og afleiðingum vanskila.



Mynd 8. Ástæða greiðsluerfiðleika. Vankunnátta skoðuð út frá fjölskyldustöðu




Mynd 9. Ástæða greiðsluerfiðleika. Offjáfresting skoðuð út frá fjölskyldustöðu

4.4 Atvinnustaða einstaklinga

Annar þáttur í bakgrunni einstaklinga sem þótti áhugaverður var atvinnustaða. Það voru 41,8% skjólstæðinga í vinnu árið 2005 og rúmlega helmingur eða 51,5% árið 2006. Það sem var einkar athyglisvert var að atvinnuleysi var 25,3% árið 2005 og 24,6% árið 2006. Það telst frekar hátt hlutfall þegar tekið er mið af því að atvinnuleysi hefur sjaldan mælst eins lágt og undanfarin ár, 2,6% í mars 2005 (Vinnumálastofnun, 2005). Ári síðar, 2006 var það 1,5%. Fjöldi lausra starfa sem voru í boði í lok mars 2006 voru 792 talsins (Vinnumálastofnun, 2006).

Lífeyrisþegum (öryrkjum) hafði fækkað um 8,8% milli ára. Námsmönnum hafði fækkað milli ára eða um 2,5%. Mjög jákvætt er að sjá hversu lágt hlutfall námsmanna leitaði til Ráðgjafarstofunnar þar sem meirihluti þeirra er lágtekjufólk. Það var enginn heimavinnandi úr þessu úrtaki árið 2005 en ári síðar var sú prósentu komin í 2,3% eins og má sjá á mynd 10.




Mynd 10. Atvinnustaða einstaklinga

4.5 Mánaðartekjur einstaklinga

Meirihluti skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar var lágtekjufólk. Árið 2005 voru 74,1% þeirra með tekjur á bilinu 0-200.000 kr. og árið 2006 var hlutfall þeirra 56,6%. Þeir sem voru með tekjur á bilinu 201.000-300.000 kr. árið 2005 voru 17,7% og ári síðar var það hlutfall komið upp í 18,9%. Skjólstæðingar með tekjur á bilinu 300.000-401.000 kr. voru þó nokkuð fleiri

árið 2006 eða um 15,1%. Árið 2005 var enginn með tekjur yfir hálfri milljón en árið 2006 voru þeir 1,2% (sjá mynd 11). Tekjur skjólstæðinga voru þannig að meðaltali hærri árið 2006. Þess skal getið að þetta sama ár var vankunnátta og offjárfesting helsta ástæða skuldaerfiðleika. Hlutfall offjárfestinga hafði sem dæmi hækkað um 11,3% milli ára.



Mynd 11. Mánaðartekjur einstaklinga

4.6 Húsnæðisstaða einstaklinga

Þegar horft var til mikilvægra þátta eins og húsnæðisaðstöðu var rúmlega meirihluti skjólstæðinga í leiguhúsnæði, árið 2005, hlutfallið lækkaði þó um 6,7% milli ára.


Hugsanlega höfðu einstaklingar í erfiðleikum vílað fyrir sér að kaupa fasteign þar sem mikil hækkun hafði orðið síðastliðin ár á fasteignum og þar af leiðandi hækkun greiðslubyrða lána í kjölfarið.

Hækkun á leiguverði undanfarin ár hafði ekki haldist í hendur við hækkun húsaleigubóta. Bæturnar höfðu staðið í stað síðan árið 2000-2008, það var ekki fyrr en um mitt árið 2008 sem þær hækkuðu í samræmi við hátt leiguverð (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2008). Sú hækkun varð vonandi til þess að styðja við skuldsett heimili.

Mjög fáir framangreindra skjólstæðinga bjuggu í eigin fasteign, ekki nema um 16,5% árið 2005, ári síðar hafði hlutfall einstaklinga sem bjó í eigin fasteign hækkað um 9,2%. Samfara hækkun á leigumarkaði hafði fasteignaverð hækkað mjög mikið síðastliðin ár, til ársins 2008 og þá einkum á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2005 hækkaði íbúðaverð um 25% og frá árinu 2004-2008 hækkaði það samtals um 70%, en árið 2004 buðu bankarnir 100% íbúðalán til viðskiptavina (Morgunblaðið, 2006). Þessi þáttur skipti óhjákvæmilega máli varðandi fjárhagsaðstæður fólks.

Það sem kom einna helst á óvart var hversu lágt hlutfall einstaklinga var með búseturétt, einungis 1,1% árið 2005 og 1,2% árið 2006 (sjá mynd 12). Búseti býður bæði upp á kaup á fasteign og leiguíbúðir, hvort tveggja hentar lágtekjufólki þar sem að um minni fjárbindingu er að ræða. Annar kostur við búsetuformið er að það er ekki eins ótryggt og leigumarkaðurinn, bæði hvað varðar verð og leigutíma. Þar af leiðandi er það eftirtektarvert hversu fáir skjólstæðingar Ráðgjafarstofunnar voru í Búseta.




Mynd 12. Húsnæðisaðstæður umsækjenda

4.7 Vanskil einstaklinga

Vanskil einstaklinga voru oftast á bilinu 10.000-500.000 kr. eða í 35,4% tilfella árið 2005 og 26,4% árið 2006, sjá mynd 9. Næsti hópur skuldaði frá 500.000 kr. upp í 1.000.000 kr. eða

15,8% skjólstæðinga árið 2005 og 17,6% ári síðar. Einstaklingum fækkar eftir því sem vanskilaupphæðin hækkar, sjá mynd 13. Einnig virtist sem vanskilin vægu örlítið hærra árið 2006 heldur en árið á undan.



Mynd 13. Vanskil einstaklinga í krónum


4.8 Búseta einstaklinga

Að lokum var skoðuð búseta einstaklinga eftir því hvernig hún dreifðist um landsbyggðina. Búseta kemur heim og saman við íbúatölu hvers landshluta, fjölmennast í Reykjavík og þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að helmingur skjólstæðinga komi þaðan. Árið 2005 komu 60,1% frá höfuðborgarsvæðinu og ári síðar var sami hópur 50,3%. Umsóknir fyrir utan höfuðborgarsvæðið komu mest frá Norðurlandi. Starfsmenn Ráðgjafarstofunnar fóru tvisvar í mánuði til Akureyrar samkvæmt þágildandi þjónustusamningi (Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, 2006).

Með nágrannasveitarfélögum var átt við Seltjarnanesbæ, Mosfellsbæ, Kópavog, Garðabæ og Hafnafjörð.

Þó ber að geta þess hversu jákvætt er að þjónustan hafi skilað sér einnig út á landsbyggðina og þetta víða, eins og má sjá á mynd 14. Skjólstæðingum utan höfuðborgarsvæðisins fjölgaði einnig frá árinu 2005. Landsbyggðarfólk nýtti sér símaráðgjöf og netspjall auk þess sem það póstsendi umsóknir.

Ráðgjafarstofan hefur verið mikið í fjölmiðlum undanfarin misseri hefur það vonandi orðið til þess að opna augu almennings fyrir þjónustu hennar.



Mynd 14. Búseta skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar

Umræða og lokaorð

Þegar litið var á rannsóknina í heild sinni voru einhleypir fjölmennasti hópurinn sem leitaði til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna bæði árin. Einstæðar mæður voru í meirihluta þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar um fjármál heimilanna vegna greiðsluferfiðleika. Auk þess var sá hópur fjölmennur meðal þeirra einstaklinga sem þáðu fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg eða um þriðjungur viðtakenda. Sami tiltekni hópur var um 40% þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Einhleypir karlar voru rúm 20% þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar vegna skulda og stærsti hópurinn sem þáði fjárhagsaðstoð hjá Reykjavík, þriðjungur einhleypra karla hafði þá fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélaganna. Það sem að þessir tveir hópar áttu sameiginlegt var að fyrirvinna heimilisins er aðeins ein. Þegar litið var til mikilvægra þátta eins og húsnæðis þá var langstærsti hópurinn í leiguhúsnæði. Í því sambandi ber að geta að leiguverð húsnæðis var samstíga hækkan á fasteignamarkaðnum á meðan húsaleigubætur höfðu staðið í stað í 8 ár, eða frá árinu 2000-2008. Húsnæðisverð hækkaði um 17% frá árinu 2004-2005.

Veikindi höfðu í miklum mæli verið ástæða fjármálaerfiðleika hjá einstæðum mæðrum og einhleypum körlum. Þó er óljóst hvað megi benda á sem orsakir og hvað afleiðingar þ.e. hvort langvarandi streita vegna fjárhagsörðugleika kemur á endanum niður á heilsu fólks eða hvort óvinnufærni vegna veikinda leiði til fjárhagserfiðleika í kjölfarið. Samvirkni milli framangreindra þátta hlýtur að leika stórt hlutverk í heilsufari fólks. Fæstir virtust eiga varasjóð þegar á reyndi sem rennir stoðum undir mikilvægi þess að opna augu almennings fyrir reglubundnum sparnaði.

Þegar litið var til búsetu skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar þá var meirihluti þeirra búsettur í Reykjavík sem kemur heim og saman við íbúatölu, þó fer hlutfall skjólstæðinga hækkanandi frá árinu 2005 til 2006. Því má velta fyrir sér hvort ungt fólk sé að vakna til vitundar um tiltekna þjónustu sem Ráðgjafarstofan veitir vegna aukinnar umfjöllunar í fjölmiðlum eða hvort fjöldi skuldsettra heimila jókst.

Hjón með börn var hópur skjólstæðinga Ráðgjafarstofunnar sem fjölgaði einna mest frá árinu 2005 og 2006 eða um næstum 10%. Rúmlega helmingur hjóna með börn nefndi vankunnáttu í fjármálum eða offjárfestingu sem ríka ástæðu erfiðleika þeirra. Þess ber að geta að sá hópur sem nefndi vankunnáttu í fjármálum og offjárfestingu sem ástæðu fjárhagserfiðleika hafði aukist hlutfallslega um rúm 10% á milli þessara tveggja ára hjá ungu

fólki á aldrinum 21-30 ára. Þessi mikla aukning á einu ári bendir enn og aftur til þess að fjármálafræðsla meðal almennings er mikilvæg.

Lágtekjufólk var í meirihluta viðskiptavina Ráðgjafarstofunnar bæði árin. Árið 2005 voru 74% viðskiptavina með laun undir 200.000 kr á mánuði en ári seinna höfðu launin hækkað lítillega, um 56% viðskiptavina var með laun undir 200.000 kr á mánuði.

Þegar skoðaðar eru upphæðir vanskila hjá ungu fólki voru þær oftast á bilinu 10.000 kr og 500.000 kr eða um 35% árið 2005 og 26% ári seinna. Um 90% þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar 2005 skulduðu 3 milljónir eða minna. Ári seinna voru það um 85% sem skulduðu 3 milljónir eða minna. Enginn skuldaði yfir 10 milljónir árið 2005 en 1,3% árið 2006.

Það þarf hugarfarsbreytingu og enn meiri umræðu til að fræðsla sé innleidd í skólana, forvarnir gegn jafnalvarlegum vanda þurfa að koma til framkvæmda fyrr en síðar. Það er uggandi hversu margt ungt fólk hefur fjárhagsáhyggjur og býr þá í kjölfarið við skert lífsgæði.

Ráðgjafarstofa um fjármál heimila hóf fræðslu í Lífsleikni í samvinnu við Iðnskólann og markar það vonandi byrjun á enn meiri fræðslu. Menntamálaráðuneytið þarf að koma að fjármálafræðslunni og byrja þarf nógu snemma á fræðslu strax í grunnskólum og áfram inn í framhaldsskóla þar sem ungmennin fara þá að nálgast fjárræðisaldurinn. Ungt fólk þarf að kunna skil á hugtökum eins og lánum, vöxtum, verðbólgu, vísitölu, yfirdráttarheimild, sköttum, og opinberum gjöldum sem dæmi. Brýna þarf fyrir þeim alvarlegar afleiðingar þess að lenda á vanskilaskrá og upplýsa um kostnað við lántökur og áhættur sem fylgja þeim. Þessi málaflokkur er mjög mikilvægur þar sem fólk er alla ævi að sýsla með fjármál og því mikilvægt að læra að meðhöndla þau rétt frá byrjun til að geta í framtíðinni séð fjölskyldu sinni farboða. Það er ljóst að menntastofnanir, fjármálastofnanir og samtök atvinnulífsins þurfa að taka höndum saman til að koma að betri fræðslu til ungs fólks, þar munu allir aðilar hagnast til lengri tíma á betri fjármálakunnáttu ungs fólks.

Fjárhagsvandræðum fylgja oft á tíðum mikil vanlíðan og afar erfitt getur verið að komast upp úr fátæktargildrunni. Margar dyr lokast á aðila í greiðsluferfiðleikum, t.d. möguleikum á námi, að fá eignir skráðar á sig, það að fá að kaupa frjálsar tryggingar eins og innbústryggingar, líf og sjúkdómatryggingar og fleira. Mikilvægt er að gera ungu fólki grein fyrir alvarleika þess að verða gjaldþrota, það að reyna gjaldþrot á eigin skinni er erfíð lífsreynsla og flestir sem hafa reynt það hefðu eflaust viljað læra það á annan máta.

Aðgengileg fjármálafræðsla fyrir almenning á mannamáli er nauðsynleg fyrir þá aðila sem leita til síns sveitarfélags vegna fjármálaerfiðleika. Einnig þarf hún að vera ókeypis fyrir notendur. Félagsráðgjafi þarf að geta aðstoðað fólk þegar vankunnátta á fjármálum á við og

benda þeim á fræðslu því það sem fólk þarfnast er hjálp til sjálfshjálpar og það að veita fræðslu á þessu sviði er gífurlega gagnleg og mikilvæg til árangurs.

Heimildaskrá

- Anný Ingimarsdóttir og Guðný Björk Eydal. (2000). *Fjárhagsaðstoð og fátækt*. Skýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Benn, J. (2004). Consumer education between ‘consumership’ and citizenship: experiences from studies of young people. *International Journal of Consumer Studies* 28, 108-116.
- Burns, C.A. og Bush, F.R. (2005). *Marketing Research*. 5. Útgáfa. Prentice Hall, New Jersey.
- Chan, K. og Prendergast, G. (2007). Materialism and social comparison among adolescents *Social behavior and Personality* 35, 213-228.
- Dittmar, H. (2008). *Consumer Culture, Identity and Well-being*. Psychology Press, Hove, England, New York.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (e.d.-a). *Úrskurðarnefnd félagsþjónustu*. Sótt 18. mars 2008 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/kaerunefndir/felagsthjonusta/nr/1207>.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (e.d.-b). *Ræður og greinar*. Sótt 30. ágúst 2008 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/radherra/raedur_js/nr/3765.
- Guðmundur Jónsson. (1997). Changes in Food Consumption in Iceland. *Kultur och konsumtion i Norden 1750-1950*, bls. 37-60. Ritstjórar Johan Söderberg og Lars Magnusson. Finska historiska samfundet, Helsingfors.
- Guðmundur Jónsson. (2007). „Hvenær varð neyslupjóðfélagið til?“ *Þriðja íslenska sögubígingið 18-21. maí 2006: ráðstefnurit*, bls. 69-79. Ritstjórar Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson. Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík.
- Hagstofa Íslands. (2005). Verðlag og neysla. Hagtiðindi. Sótt 28. ágúst 2008 af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=1024>.

Hagstofa Íslands.(e.d.-a). *Mannfjöldi*. Sótt 28. ágúst 2008 af

<http://hagstofa.is/?PageID=622&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN00101%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni+og+aldri+1841%2D2008++++%26path=../Database/mannfjoldi/Yfirlit/%26lang=3%26units=Fjoldi>.

Hagstofa Íslands.(e.d.-b). *Giftingar og skilnaðir*. Sótt 28. ágúst 2008 af

<http://hagstofa.is/?PageID=628&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN06216%26ti=Lok+samb%FA%F0ar+1991%2D2007++++%26path=../Database/mannfjoldi/Skilnadir/%26lang=3%26units=Fjoldi>.

Hildur Björk Svavarsdóttir og Friðrik H. Jónsson. (2004). *Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna, mat á þjónustu og árangri*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Hitt húsið.(e.d.). *Klár í kreppu*. Sótt 07. janúar 2009 af

<http://www.hitthusid.is/category.aspx?catID=4197>.

Kiyosaki, R.T. (2001). *Ríki pabbi, fátæki pabbi*. Andrés Sigurðsson þýddi. Íslenska bókaútgáfan, Reykjavík.

Lachance, M.J., Beaudoin , P. og Robitaille., J. (2006). Quebec young adults' use of and knowledge of credit. *International Journal of Consumer Studies*, 30, 347-359.

Landlæknisembættið. (e.d.). *Streita-slökun*. Sótt 25. ágúst 2008 af

<http://www.landlaeknir.is/Pages/701>.

Lea, S.E.G., Webley, P. & Levine, R.M. (1992). Economic psychology of consumer debt. *Journal of Economic Psychology*, 14,85-119.

Lehtinen, A.R. og Leskinen, J. (2004). *Young consumers Credit Based Lifestyles and Payment Problems*. National Consumer Research Centre, Finland.

Lunt, P.K og Livingstone, S.M. (1991). Psychological, social and economic determinants of saving: Comparing recurrent and total savings. *Journal of Economic Psychology*, 12,621-641.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Miles, S. (2000). *Youth lifestyles in a changing world*. Open University England, Buckingham, England.

Morgunblaðið (2006). *Íbúðarverð hækkadi mest á höfðuðborgarsvæði árið 2004-2005*. Sótt 12.mái 2008 af http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2006/04/05/ibudaverd_haekkadi_mest_a_hofudborgarsvaedi_milli_2/

Páll V. Sigurðsson og Sigurjóna Jónsdóttir. (2007). *Lífsbrautin, lífsleikni fyrir framhaldsskóla*. Iðnó, Reykjavík.

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna. (e.d.-a). *Almennar upplýsingar*. Sótt 17. febrúar 2008 af <http://fjolskylda.is/fjarmal/radgjafarstofa/>.

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna. (e.d.-b). *Fréttalisti*. Sótt 17. febrúar 2008 af <http://fjolskylda.is/fjarmal/frettalisti/2007/12/10/nr/277>.

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna. (e.d.-c). *Samkomulag um hlutverk og rekstur um Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna*. Sótt 17. febrúar 2008 af http://fjolskylda.is/media/radgjafarstofa/skjol/samningur_rad_2007.pdf.

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna. (2006). *Ársskýrsla*.

Ráðgjafarstofan um fjármál heimilanna. (2007). *Ársskýrsla*.

Reykjavíkurborg. (2007). *Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg*. Sótt 26. febrúar 2008 af

http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/reglur/fjarhagsadsto d/Reglur_um_fj_rhagsa_sto_birtingareintak_januar_07.pdf.

Roberts, A.J., Manolis, C. og Tanner, J.F. (2003). Family structure, materialism, and compulsive buying, a reinquiry and extension. *Journal of the Academy of Marketing Science* , 31, 300-311.

Sigríður Jónsdóttir. (2005). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt 10. mars 2008 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/arsskyrslur/arsskyrsla_2005_web.pdf.

Sigríður Jónsdóttir. (2006). *Ársskýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar*. Sótt 10. mars 2008 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/velferdarsvid/utgefid_efni/arsskyrslur/arsskyrsla_2006.pdf.

Stefán Ólafsson. (1996). *Hugarfar og hagvöxtur*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Stearns, P.N. (2001). *Consumerism in world history: the global transformation of desire*. Routledge, London; New York.

Vinnumálastofnun. (2005-a). *Skýrsla um atvinnuástand í maí 2005*. Sótt 10. mars 2008 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/{b937bf7b-0f20-4eac-9c61-19c9c3fadca8}_prentun05.05.pdf.

Vinnumálastofnun. (2005-b). *Atvinnuleysi 2,2% í maímánuði 2005*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.vinnumalastofnun.is/frettir/nr/874/>.

Vinnumálastofnun. (2005-c). *Skýrsla um atvinnuástand í mars 2005*. Sótt 13.júní 2008 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/%7B37eee9e9-17f5-4c9f-b6b4-d7ba7f28c1d6%7D_prentun03.05.pdf.

Vinnumálastofnun. (2006). *Skýrsla um atvinnuástand í mars 2006*. Sótt 12.júní 2008 af http://www.vinnumalastofnun.is/files/prentun3.06_24684377.pdf.

Watson, J. (2003). The relationship of materialism to spending tendencies, saving tendencies, and debt. *Journal of Economic Psychology* , 24, 723-739.

Wilska, T.A. (1999). *Survival with Dignity? The Consumption of Young Adults During Economic Depression: A Comparative Study of Finland and Britain, 1990-1994*. Publications of the Turku School of Economics and Business Administration, Finland.

Wilska, T.A. (2002). *Me - A Consumer? Consumption, Identities and Lifestyles in Today's Finland*. Publications of the Turku School of Economics and Business Administration, Finland.

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (1996). „Um úrtök og úrtaksaðferðir.“ *Samfélagstíðindi* 16:17-36

Neysluviðmiðun

Grundvöllur fjárhagsráðgjafar Ráðgjafarstofu er mánaðarleg staða umsækjanda. Reiknaðar eru út heildarráðstöfunartekjur, þ.e. ekki aðeins laun, heldur einnig vaxtabætur, húsaleigubætur, meðlag, barnabætur og aðrar lífeyrisgreiðslur. Því næst er fundinn út framfærslukostnaður fjölskyldunnar og er miðað við svokallaða viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu ásamt tölulegum upplýsingum um þekkta kostnaðarliði frá umsækjendum.



Viðmiðunarneysla Ráðgjafarstofu er að norrænni fyrirmynd en aðlöguð að íslenskum aðstæðum. Fjárhæðirnar eru byggðar á heimilisbókhaldi 40 fjölskyldna í landinu sem færðu heimilisbókhald yfir 3ja mánaða tímabil. Útgjöld þeirra voru síðan skoðuð þannig að einungis var tekið tillit til nauðsynlegra útgjalda að mati Ráðgjafarstofu.

Hér getur þú skoðað framfærslukostnað skv. viðmiðunarneyslu Ráðgjafarstofu miðað við fjölskyldugerð.

Þess ber vel að geta að inn í þessar töflur vantar upplýsingar um síma, áskriftir, fasteignagjöld/húsaleigu, tryggingar, bifreiðakostnað, dagheimilisgjöld og aðra þá útgjaldaliði sem fastir eru hjá hverri fjölskyldu. Þær tölur eru byggðar á raunhæfum tölum frá hverjum og einum.

Kostnaður við rekstur einkabifreiðar er byggður á útreikningum frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda og er miðað við 35.400 kr. á mánuði fyrir utan tryggingaiðgjöld.

- Athugið að ef um rekstur bifreiðar er að ræða bætast við **35.400** kr. á mánuði (fyrir utan tryggingaiðgjöld).
- Ef um bleiubarn er að ræða þá bætast **6.700** kr. við á mánuði

	Matur og hreinlætisvörur	Tómstundir	Fatakaup	Læknis-kostnaður	Ýmislegt	Samtals
Einstaklingur	40.900	1.900	4.200	3.800	1.900	52.700
Hjón	63.800	3.800	8.400	7.600	3.800	87.400
Hjón með 1 barn	80.900	5.700	12.200	11.400	5.700	115.900
Hjón með 2 börn	96.300	7.600	16.000	15.200	7.600	142.700
Hjón með 3 börn	109.600	9.500	19.800	19.000	9.500	167.400
Hjón með 4 börn	121.100	11.400	23.600	22.800	11.400	190.300
Einstætt foreldri með 1 barn	58.100	3.800	8.000	7.600	3.800	81.300
Einstætt foreldri með 2 börn	73.500	5.700	11.800	11.400	5.700	108.100
Einstætt foreldri með 3 börn	87.700	7.600	15.600	15.200	7.600	133.700
Einstætt foreldri með 4 börn	102.000	9.500	19.400	19.000	9.500	159.400